

# **SAMRUNASKRÁ VEGNA SAMRUNA**

**N1 hf.**

**OG**

**Festi hf.**

**ÁN TRÚNAÐARUPPLÝSINGA**

## Inngangur

Tilkynning þessi varðar samruna N1 hf. (hér eftir N1) og Festi hf. (hér eftir Festi). Festi er móðurfélag nokkurra félaga sem reka dagvöruverslanir, verslanir með raftæki og leigja út atvinnuhúsnæði á Íslandi. N1 er olíufélag sem býður upp á alhliða þjónustu á sviði eldsneytisþjónustu auk þess sem félagið flytur inn og selur vörur fyrir einstaklinga og fyrirtæki á borð við hjólbarða, margvíslega rekstrarvörur fyrir bifreiðar, smurolíur og ýmsar efnavörur.

Skörun í starfsemi samrunaaðila er í sjálfu sér takmörkuð. Á sumum afgreiðslustöðvum N1 eru seldar nauðsynjavörur og sælgæti auk þess sem afar takmarkað úrval rekstrarvöru fyrir bíla er til sölu í verslunum Krónunnar. Á starfsemi N1 lítið skylt við starfsemi Festi á sviði raftækjaverslunar eða öðrum sviðum en dagvöruverslun. Þá verður ekki talið að sú skörun sem er á milli félaganna í smásölu sé þannig um sé að ræða starfsemi á sömu mörkuðum.

Festi sérhæfir sig í rekstri verslunarfyrirtækja og rekur 28 verslanir undir merkjum Krónunnar, ELKO, Nóatúns og Kjarvals en félagið á einnig Bakkann vöruhús. Festi á 17 fasteignir sem eru annað hvort í leigu til verslana félagsins eða þriðja aðila. Heildarstærð fasteignanna er um 71.500 fermetrar. Heildarvelta Festi var rúmir 39 milljarðar króna á rekstrarárinu sem lauk 28. febrúar 2017.

Samkomulagið sem upphaflega var gert um kaup N1 á Festi fól í sér að heildarvirði Festi væri 37,9 milljarðar króna og að endanlegt kaupverð myndi ráðast af skuldastöðu félagsins við afhendingu. Í tilefni af samningsgerð um viðskiptin var haft eftir Eggerti Þór Kristóferssyni, forstjóri N1:

"Það er afar ánægjulegt að kynna fyrirhuguð kaup N1 á Festi en þau skapa tækifæri til að byggja upp enn öflugra félag sem er betur í stakk búið til að takast á við síbreytilegt samkeppnisumhverfi. Festi rekur annað stærsta smásölufyrirtæki landsins og sjáum við mikla möguleika á samþættingu í rekstri fyrirtækjanna og betri nýtingu á góðum staðsetningum verslana og þjónustustöðva beggja fyrirtækja."

Við sama tækifæri var haft eftir Jóni Björnssyni, forstjóra Festi:

"Það munu opnast nýir möguleikar fyrir Festi með auknum fjölda smásölustaðsetninga, bæði í þróun smásöluverslunar sem og í smásölutengdri fasteignastarfsemi. Kaupin eru ánægjuleg viðurkenning á því frábæra starfi sem starfsfólk fyrirtækja Festi hefur unnið á s.l. árum í að búa til frábær vörumerki sem standa fyrir góða hluti."

Að lokinni áreiðanleikakönnun var gengið frá kaupsamning um kaupin. Er hann dags. 3. október 2017 (fylgiskjal 1). Samkvæmt samningnum var gengið út frá því að verðmæti hins selda væri 37,9 milljarðar króna á samstæðugrunni (e. enterprise value). Skyldi kaupverð miðast við heildarvirðið að frádregnum nettó vaxtaberandi skuldum. Er mælt fyrir um ákveðnar leiðréttingar sem til kunna að koma í kaupsamningnum.

Að mati samrunaaðila raskar samruni félaganna ekki samkeppni á neinum markaði sem félögin starfa á. Skörun í rekstri félaganna er almennt lítil. Félögin búa bæði við mikla

samkeppni á þeim mörkuðum sem þau búa á og er líklegt að samruninn muni hafa áhrif til þess að auka þá samkeppni.

Á dagvörumarkaði hafa verslanir Haga um árabil verið í yfirburðastöðu gagnvart öðrum smásölum og Samkeppniseftirlitið margoft komist að þeirri niðurstöðu að um sé að ræða markaðsráðandi fyrirtæki, nú síðast í ákvörðun nr. 28/2017 *Samruni Haga og Lyfju frá 17. júlí síðastliðnum*. Er samruni N1 við Festi ekki til þess fallinn að breyta því.

Samkeppniseftirlitið hefur ekki komist að þeirri niðurstöðu að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi á eldsneytismarkaðnum. Í nýútgefinni frummatsskýrslu var ekki vikið að því að þannig væri þó að athugasemdir væru gerðar við nokkur atriði af hálfu Samkeppniseftirlitsins. Markaðshlutdeild N1 hefur ekki verið það há að ástæða sé til þess að ætla að félagið sé markaðsráðandi.

Sú breyting sem kynni að leiða af samrunanum fæli í sér aukna samvinnu á milli dagvöruverslana og eldsneytisafgreiðslna sem er í samræmi við þær áherslur sem Samkeppniseftirlitið lagði upp með í frummatsskýrslu sinni um eldsneytismarkaðinn. Þar var komist að þeirri niðurstöðu að það væri almennt æskilegt að eldsneytisstöðvum yrði fækkað og að þær yrðu jafnvel reknar með dagvöruverslunum þar sem það gæti leitt til þess að álagning á eldsneyti yrði almennt lægri. Má leiða að því líkum að samruni þessi sé í ágætu samræmi við þær breytingar sem Samkeppniseftirlitið vill sjá á eldsneytismarkaðnum.

Er það ætlun N1 að loka völdum þjónustustöðvum félagsins og setja í þeirra stað upp sjálfsafgreiðslustöðvar við dagvöruverslanir Festar. Þær lóðir sem við þetta losna yrðu líklega seldar.

Almennt eru óhagkvæmari þjónustustöðvar N1 þær sem eru inni í hverfum og ekki við stofnbrautir. Hefur dregið úr viðskiptum á slíkum stöðvum og eru sumar þeirra óhagkvæmar í samanburði við sjálfsafgreiðslustöðvar.

N1 myndi í kjölfar samrunans ætla sér að reka áfram net þjónustustöðva um allt land undir merkjum N1. Helstu tækifærin til breytinga eru í þéttbýli þar sem ná má fram aukinni hagkvæmni í rekstri með framangreindum hætti.

Síðast en ekki síst er rétt að benda á að samruninn mun auka líkurnar á því að samkeppni í dagvöruverslun muni aukast, sér í lagi á landsbyggðinni. Víða um land hefur ríkt fákeppni og/eða einokun í sölu á dagvöru. Á þessum stöðum er óhagkvæmt að reisa nýjar byggingar til að opna matvöruverslanir og oft lítið um hentugt húsnæði sem hægt er að breyta í hagkvæmar matvöruverslanir í samkeppni við þá aðila sem eru til staðar. Með því að koma upp aðstöðu fyrir dagvöruverslanir við stöðvar N1 er mögulegt að auka samkeppni með hagkvæmum hætti víða um land.

Verður ekki ætlað að samrunaaðilar verði í þeirri aðstöðu eftir samrunann að geta raskað samkeppni með nokkrum hætti. Er það mat samrunaaðila að það sé ekkert sem bendir til þess að draga muni úr samkeppni vegna samrunans eða að honum verði raskað með nokkru móti og að því beri að heimila hann án íhlutunar.

## ***Samrunaskrá***

### **Kafli 1 – Grunnupplýsingar**

#### **1.1 Upplýsingar um aðila samrunans**

Þau félög sem að samrunanum koma eru:

N1 hf. (kaupandi)

kt. 540206-2010

Dalvegí 10-14

Kópavogi

Festi hf. (yfirtekið félag)

kt. 500913-0100

Skarfagörðum 2

Reykjavík

SF V slhf. (seljandi)

kt. 560913-1250

Borgartúni 19

Reykjavík

SF V GP ehf. (seljandi)

kt. 691211-2900

Borgartúni 19

Reykjavík

Krónan ehf. (dótturfélag Festi)

kt. 711298-2239

Skarfagörðum 2

Reykjavík

Elko ehf. (dótturfélag Festi)

kt. 561000-3280

Skarfagörðum 2

Reykjavík

Festi fasteignir ehf. (dótturfélag Festi)

kt. 581113-1100

Skarfagörðum 2

Reykjavík

Höfðaeignir ehf. (dótturfélag Festi)

kt. 581113-1020

Skarfagörðum 2

Reykjavík

ISP á Íslandi ehf. (dótturfélag Festi)

kt. 6509081120

Skarfagörðum 2

Reykjavík

Festi þróun ehf. (dótturfélag Festi)

kt. 450700-4010

Skarfagörðum 2

Reykjavík

Bakkinn vöruhótel ehf. (dótturfélag Festi)

kt. 650808-1770

Skarfagörðum 2

Reykjavík

Nótatún ehf. (dótturfélag Festi)

kt. 460716-1280

Skarfagörðum 2

Reykjavík

Verður eftir atvikum vísað til N1 og Festi sem samrunaaðila hér á eftir. Framangreind dótturfélög Festi mætti einnig telja til samrunaaðila þar sem þau eru undir yfirráðum Festi. Verður ekki gerður greinarmunur á Festi og einstökum dótturfélögum hér á eftir nema sérstök ástæða sé til. Tekið skal fram að ISP á Íslandi rak verslanir undir nafninu Intersport en þeirri starfsemi hefur nú verið hætt og félagið selt. Þá átti Festi félagið ADCO Kópavogi sem var slitið nýlega. ISP á Íslandi hefur enn ekki verið afhent.

## **1.2 Starfsemi samrunaaðila**

Tilgangur N1, samkvæmt 3. gr. samþykktu félagsins, er verslun með fast, fljótandi og gaskennt eldsneyti og olíuvörur, heildsala og smásala, kaup, sala, eignarhald og rekstur fasteigna, kaup, sala og eignarhald á verðbréfum, ásamt lánastarfsemi tengdri rekstrinum og annar skyldur rekstur.

Þjónustunet N1 nær til stórs hluta íslenskra neytenda og fyrirtækja á Íslandi, víðsvegar um landið. Félagið rekur 98 útsöluaðila á fljótandi eldsneyti, auk beinnar þjónustu við sjávarútveg um allt land og flugrekstraraðila á Keflavíkurflugvelli og Reykjavíkurflugvelli, svo og 6 fyrirtækjaverslanir og 11 þjónustuverkstæði. Um 68% af tekjum N1 eru af sölu á eldsneyti og um 32% af sölu á öðrum vörum.

N1 útvistar birgðahaldi og dreifingu á fljótandi eldsneyti til Olíudreifingar ehf. sem félagið á 60% eignarhlut í á móti Olíuverslun Íslands hf. sem á 40%. Væri það ekki gert myndi N1 annast þennan þátt starfseminnar sjálft.

Festi er fyrirtæki sem starfar fyrst og fremst á sviði smásölu á Íslandi. Stærsta félagið innan samstæðu Festi er Krónan en Krónan rekur 17 verslanir undir því merki og 4 verslanir undir merkjum Kjarvals og eina verslun undir merkinu Kr. Um er að ræða dagvöruverslanir.

Einnig á Festi félagið Elko sem flytur inn og selur raftæki hér á landi í eigin verslunum og á netinu. Hefur Elko notið góðs af samningum við Elkjöp A/S sem sér Elko fyrir um helming þess sem félagið selur.

Festi á fasteignafélögin Höfðaeignir og Festi fasteignir. Þessi félög eiga ýmsar fasteignir aðallega á Suðvesturhorninu og Suðurlandi. Eru verslanir Festi stærsti einstaki leigutaki þessara félaga en um helmingur leigutekna félagsins kemur frá öðrum leigutökum.

Einnig heyra til samstæðunnar félögin Nóatún og Festi þróun. Ein Nóatúns verslun er starfrækt á landinu en ekki er langt síðan nokkrar verslanir voru reknar undir þessu heiti. Festi þróun hannar stafrænar lausnir á sviði smásölu sem ætlað er að efla samstæðu Festa til framtíðar.

Bakkinn vöruhótel sem staðsettur er við Sundahöfn er þurrvörlager hvaðan vörum er dreift til verslana Festi. Einnig veitir Bakkinn Byko þjónustu með tiltekna vörur.

### **1.3 Tengiliður vegna samrunans gagnvart Samkeppniseftirlitinu**

Tengiliður N1  
Snorri Stefánsson hdl.  
ADVEL lögmönnum slf.  
Laugavegi 182  
108 Reykjavík  
Sími: 520-2050  
Fax: 552-2050  
Tölvupóstfang: [snorri@advel.is](mailto:snorri@advel.is)

Tengiliður Festi:  
Einar Baldvin Árnason  
BBA/legal ehf.  
Katrínartúni 2  
105 Reykjavík  
Sími: 550-0500  
Fax: 550-0505  
Tölvupóstfang: [ainarbaldvin@bba.is](mailto:ainarbaldvin@bba.is)

## **Kafli 2 – Upplýsingar um samrunann**

### **2.1 Nákvæmar upplýsingar um aðdraganda samrunans**

Viðræður um kaup N1 á Festi áttu sér skamman aðdraganda þegar staðfest var að áhugi var af af hálfu beggja aðila til þess að ganga til viðskiptanna. Fyrir lá að sjóðir þeir sem nú selja Festi ætluðu sér ekki að eiga Festi til langframa. N1 sá tækifæri í kaupum á Festi sem gera viðskiptin að spennandi kost fyrir N1.

## **2.2 Nákvæmar upplýsingar um markmið samrunans**

Kaup N1 á Festi skapa tækifæri til að byggja upp enn öflugra félag sem er betur í stakk búið til að takast á við sibreytilegt samkeppnisumhverfi. Festi er á meðal stærri smásölufyrirtækja landsins og eru vissir möguleikar á samþættingu í rekstri fyrirtækjanna auk þess sem ná má betri nýtingu á góðum staðsetningum verslana og þjónustustöðva fyrirtækjanna.

Helstu samlegðaráhrif felast í því að loka þjónustustöðvum N1 inni í hverfum og setja upp sjálfsafgreiðslustöðvar þess í stað við dagvöruverslanir Festi. Með því má gera rekstrareiningar hagkvæmari og selja lóðir sem auðvelt er að koma í verð. Þá eru áhugaverð tækifæri til sölu dagvöru Krónunnar á eldsneytisstöðvum N1 víða um land.

Einnig er mögulegt að ná fram auknu hagræði í yfirstjórn, innkaupum og dreifingu á vörum.

## **2.3 Eðli samrunans í stuttu máli**

- a) Ekki er um samruna að félagarétti að ræða þar sem N1 kaupir alla hluti í Festi. Fyrir hlutina greiðir N1 8.750.000.000 krónur með 76.086.957 hlutum í N1 á genginu 115. Eftirstöðvar kaupverðs verða greiddar með reiðufé. Er þar um að ræða meirihluta kaupverðs. Er mælt nánar fyrir um greiðslu kaupverðs og mögulegar leiðréttar á því í kaupsamningum á fylgiskjali 1.
- b) Fyrirhugað er að Festi verði fyrst um sinn dótturfélag N1 og að félög í eigu Festi verði áfram dótturfélög þess.
- c) Helstu skilmálar kaupanna voru undirritaðir 9. júní. Var tilkynnt um viðskiptin með tilkynningu í kauphöll þann sama dag. Var samningurinn gerður með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins og annarra yfirvalda sem og áreiðanleikakönnun. Fyrirhugað er að greiðsla kaupverðs fari fram þegar fyrirvörum hefur verið aflétt og fyrir liggur hvert endanlegt kaupverð verður. Í kjölfar þess að kauptilboð var samþykkt hófst vinna við áreiðanleikakönnun. Að henni lokinni sammæltust aðilar um kaupsamning sem undirritaður var 3. október 2017.
- d) Í kjölfar samrunans mun N1 eiga allt hlutafé í Festi. Þar sem greitt er fyrir hlutina að hluta til með hlutum í N1 mun eigendahópur N1 stækka í kjölfar viðskiptanna auk þess sem hlutafé N1 verður meira en áður. Er það ætlun seljanda að framselja þau bréf sem hann fær til eigenda sinna. Eru bréfin háð sölubanni fram í desember 2018.
- e) Hvorugur samrunaaðila hefur þegið opinbera fjárhagsaðstoð.

## **2.4 Atvinnuvegir**

Samruninn nær til sölu og dreifingar á eldsneyti á Íslandi og smásöluverslunar með dagvöru og raftæki. Nær samruninn einnig til útleigu fasteigna.

## **2.5 Kaupverð**

Kaupverði hins selda byggir á því að heildarvirði Festi sé 37,9 milljarðar króna. Hefur þegar verið gerð grein fyrir því að kaupverðið verði greitt með 76.086.957 hlutum í N1 á genginu 115 og reiðufé. Tekur N1 jafnframt yfir skuldir Festi. Kann kaupverðið að taka breytingum í samræmi við það sem fram kemur í kaupsamningum á fylgiskjali 1 með samrunaskrá þessari.

## **2.6 Upplýsingar um veltu félaganna síðasta reikningsár**

- a) Velta N1 á árinu 2016 var 33.767.896 þúsund krónur. Árið á undan var veltan um 49 milljarðar.

Velta Festi á árinu 2016 var 35.707.926 þúsund krónur. Árið á undan var veltan 33 milljarðar króna. Athygli er vakin á því að rekstrarár Festi nær frá byrjun mars til loka febrúar.

[...]¹

Tekjur Olíudreifingar voru 3.678.775 krónur. Vegna skilyrði Samkeppniseftirlitsins hefur félagið ekki verið flokkað sem dótturfélag þrátt fyrir að eignarhlutur N1 sé allhár. Önnur félög í eigu N1 hafa enga veltu eða eru ekki flokkuð sem dótturfélög eða eru ekki undir yfirráðum N1 í skilningi samkeppnisréttar.

- b) Starfsemi samrunaaðila er takmörkuð við Ísland að frátalinni starfsemi Malik Supply A/S sem er hlutdeildarfélag N1. Velta samrunaaðila á erlendum mörkuðum er því afar takmörkuð. Rétt er að benda á að því mætti halda fram að sala N1 til skipa í íslenskum höfnum eða erlendra loftfara á íslenskum flugvöllum teldist velja á erlendum mörkuðum þar sem samkeppni getur gætt erlendis frá í þeim tilvikum. Verður ekki litið svo á hér.

## **2.7 Mögulegur ávinningur**

Samruni N1 og Festi hefur í för með sér sameiginlega ávinning fyrir bæði félög þar sem mögulegt verður að samþætta í rekstri félaganna og ná betri nýtingu á staðsetningu verslana og þjónustustöðva beggja fyrirtækja. Mögulegt verður að þróa áfram smásölu Festi og smásölutengda fasteignastarfsemi.

Að mati samrunaaðila standa líkur til þess að samruninn feli einnig í sér aukinn ávinning fyrir neytendur þar sem lægri kostnaður sameinaðs félags skapar svigrúm fyrir verðlækkunarir. Þá ætti samruninn að leiða til þess að Festi standi betur í samkeppni við Haga. Er vikið nánar að áhrifum samrunans fyrir neytendur síðar í samrunaskrá þessari.

N1 sér fyrir sér að í kjölfar samrunans megi ná fram umtalsverðu hagræði með því að fækka stöðvum N1. Sérstaklega eru tækifæri til þess á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri. Er þar horft sérstaklega til stöðva sem eru inni í hverfum og ekki við stofnbrautir svo sem við Ægissíðu og í Stóragerði.

Áætlað er að setja þess í stað upp sjálfsafgreiðslustöðvar við verslanir Festi. Líklegt er að þær stöðvar sem N1 myndi setja upp yrðu undir merki Dælnnar sem er afsláttarmerki N1. Það hefur þó ekki verið ákveðið endanlega.

Áætlað N1 að selja þær lóðir sem við þetta losna. Er gjarnan um að ræða verðmætar lóðir sem henta vel undir annars konar starfsemi. Áður en lóðirnar yrðu seldar myndi vera kannaður

---

¹ Trúnaðarmál



möguleikinn á því að koma upp dagvöruverslun á þeim lóðum þar sem nú eru eldsneytisstöðvar en almennt er ekki hlaupið að því að finna hentuga staði undir nýjar dagvöruverslanir.

Töluverð fjárbinding er í stórum þjónustustöðvum. Í sumum tilvikum hefur dregið verulega úr veltu slíkra stöðva á sama tíma og verðmæti lóða hefur breyst umtalsvert í grónum hverfum. Skapar það möguleika til þess að færa til stöðvar og losa um það fé sem bundið er í þjónustustöðvum. Er kostnaður við rekstur sjálfsagreiðslustöðva einnig lægri en rekstrarkostnaður þjónustustöðva. Með samruna N1 og Festi skapast sérstakt tækifæri til þess að færa eldsneytisafgreiðslur á lóðir Festi en Reykjavíkurborg hefur verið andvíg því að fjölga eldsneytisafgreiðslum. Er því auðveldara í Reykjavík að opna eldsneytisstöð þegar annarri er lokað. Hagræðingartækifæri eru þó að þessu leyti ekki bundin við Reykjavík.

Ekki liggja fyrir útfærðar áætlanir að þessu leyti eða skýr vilyrði frá skipulagsyfirvöldum. Hafa samrunaaðilar þó ekki ástæðu til þess að ætla annað en að þessi áform muni geta gengið eftir.

### **Kafli 3 – Eignarhald og yfirráð**

#### **3.1 Fyrirtæki eða einstaklingar sem ráða yfir samrunaaðilum**

N1 er skráð félag í eigu ýmissa aðila. Helstu eigendur félagsins eru eftirfarandi:

| <b>Hluthafi</b>                  | <b>Eignarhlutur</b> |
|----------------------------------|---------------------|
| Lífeyrissjóður verslunarmanna    | 13,30%              |
| Gildi – lífeyrissjóður           | 9,22%               |
| Lífeyrissj. starfsm. rík A-deild | 8,24%               |
| Landsbréf – Úrvalsbréf           | 6,43%               |
| Birta lífeyrissjóður             | 6,29%               |
| Almenni lífeyrissjóðurinn        | 5,00%               |
| Lansdowne Ícav Lansdowne Euro    | 4,20%               |
| Stapi lífeyrissjóður             | 3,88%               |
| The Wellington Trust Company Na  | 3,28%               |
| Lífeyrissj. starfsm. rík B-deild | 2,84%               |
| Samtals                          | 62,68%              |

N1 er skráð félag og geta því orðið fyrirvaralausar breytingar á hluthafalistanum. Er hlutafalistinn aðgengilegur á vefsíðu N1.<sup>2</sup> Í kjölfar samrunans mun eignarhald N1 breytast þar sem seljendur fá hluti í N1 fyrir hluti sína í Festi. Verður eignarhluturinn til að byrja með í eigu SF V sem mun þurfa undanþágu frá reglum laga um verðbréfaviðskipti um yfirtökuskyldu þar sem SF V ásamt hluthöfum SF V mun fara með með meira en 30% hlut í N1.

Festi var í eigu eftirfarandi félaga fyrir samrunann:

<sup>2</sup> Slóðin er: <https://www.n1.is/um-n1/fjarfestar/hluthafalisti/>

| Félag   | Eignarhlutur |
|---------|--------------|
| SF V    | 99,99%       |
| SF V GP | Hverfandi    |
| Samtals | 100,00%      |

Um er að ræða félög í eigu framtakssjóða sem reknir voru af Stefni. Formlegir eigendur voru ýmsir fjárfestar. Tíu stærstu hluthafarnir eru eftirfarandi:

| Hluthafi                        | Hlutur |
|---------------------------------|--------|
| SÍA II slhf                     | 27.40% |
| Holdor ehf.                     | 12.00% |
| Brekka Retail ehf.              | 6.50%  |
| Stefnir ÍS 5                    | 5.80%  |
| Almenni lífeyrissjóður          | 5.50%  |
| Gildi lífeyrissjóður            | 5.50%  |
| Tryggingarmiðstöðin             | 4.90%  |
| Stapi lífeyrissjóður            | 4.40%  |
| Hlér ehf.                       | 3.80%  |
| Brú lífeyrissjóður starfs sveit | 3.50%  |
| Samtals                         | 79.30% |

Er listi yfir alla hluthafa SF V í viðauka 6 við kaupsamninginn á fylgiskjali 1 við samrunaskrá þessa. Munu þeir deila með sér þeim hlutum í N1 sem koma sem greiðsla fyrir Festi.

Í kjölfar samrunans verður N1 eini hluthafi Festi.

### 3.2 Fyrirtæki sem eru undir yfirráðum samrunaaðila

Eftirfarandi eignarhlutir eru í eigu N1:

| Félag               | Eignarhlutur |
|---------------------|--------------|
| Olíudreifing ehf.   | 60,00%       |
| Malik Supply A/S    | 49,00%       |
| EAK ehf.            | 33,33%       |
| EBK ehf.            | 25,00%       |
| Fjölver ehf.        | 33,33%       |
| Ego ehf.            | 100,00%      |
| GVS ehf.            | 100,00%      |
| HBH ehf.            | 100,00%      |
| Innhaf ehf.         | 100,00%      |
| Naust ehf.          | 100,00%      |
| Nítró ehf.          | 100,00%      |
| Olíustöðin Helguvík | 50,00%       |
| Olíufélagið ehf.    | 49,00%       |
| Vatnsdalur ehf.     | 100,00%      |

Það hvíla skilyrði á Olíudreifingu samkvæmt ákvörðun samkeppnisráðs nr. 23/1995. Leiðir af skilyrðunum að N1 hefur ekki þau yfirráð yfir félaginu sem eignarhlutur N1 gefur til kynna. Þess

fyrir utan er í gildi hluthafasamkomulag um starfsemi félagsins. Olíudreifing er félag í eigu Olíuverslunar Íslands og N1. Félagið annast dreifingu og flutning á olíu hér á landi. Malik Supply var stofnað 1989 til að þjónusta alþjóðlega togaraflota á grænlenku hafsvæði og í Norður-Atlantshafi með olíu, smurolíu og aðrar vörur. N1 selur Malik svartolíu sem seld er til helstu sjárvarútvegsfyrirtækja á Grænlandi. EAK annast eldsneytisafgreiðslu á Keflavíkurflugvelli. Félagið er í jafnri eigu þriggja olíufélaga. EBK annast brigðageymslu á flugvélaeldsneyti á Keflavíkurflugvelli. Félagið er í jafnri eigu þriggja olíufélaga auk Icelandair. Fjölvör er efnarannsóknarstofa sem annast rannsóknir og úttektir á gæðum eldsneytis og olíuvara hér á landi.

Önnur félög í eigu N1 hafa enga starfsemi. Rétt er að nefna að Ego ehf. er fjárfestingarfélag með 500 milljónum króna hlutafé sem hefur lánað sömu fjárhæð til N1.

Þegar hefur verið gerð grein fyrir stærstu félögum sem eru í eigu Festi. Verður gerð ítarleg grein fyrir starfsemi þeirra í samrunaskrá þessari. Festi á einnig 17% hlut í Birtingarhúsinu sem veitir faglega ráðgjöf um auglýsingabirtingar, uppbyggingu auglýsingaherferða og val og notkun fjölmiðla og 24,5% hlut í Perroy sem var stofnað um innflutning á Nespresso hylkjum. Er starfsemin ekki hafin.

### **3.3 Formlegt og óformlegt viðskiptalegt samstarf**

Bakinn hefur annast dreifingu á tilteknum vörum til Byko og hefur yfir að ráða sérhæfðum lager hvaðan vörurnar eru afgreiddar. Byggir það á sérstökum samning þar um.

Fyrir hendi er leigusamningur á milli Höfðaeigna og Tíu-ellefu. Um er að ræða samning sem gerður var áður en félagið komst í eigu samstæðu Festi. Eru ákvæði hans öll með hefðbundnum hætti og því í reynd ekki um samstarfssamning að ræða. Leigja Höfðaeignir einnig Atlantsolíu aðstöðu á Bíldshöfða 20 undir eldsneytisdælur. Er um að ræða hefðbundinn leigusamning.

N1, Skeljungur og Olís eiga í sameiningu EAK í jöfnum hlutföllum. Sömu olíufélög eiga EBK ásamt Icelandair í jöfnum hlutföllum. Sjá félögin um birgðahald og eldsneytisafgreiðslu á Keflavíkurflugvelli.

N1 á 60% hlut í Olíudreifingu á móti Olís. Félagið annast dreifingu á eldsneyti fyrir félögin tvö hér á landi.

N1 hefur gert samning við Samkaup um uppsetningu sjálfsafgreiðsludæla við verslanir Samkaupa. Í stuttu máli felur samningurinn í sér að N1 hefur heimild til þess að setja upp sjálfsafgreiðsludæla við verslanir Samkaupa. Veita Samkaup þjónustu við dælurnar (skipta og pappír o.þ.h.) auk þess að selja inneignarkort N1.

Þá á N1 í samstarfi við Serrano, Kaffitár, Subway, Nam, og Boozt barinn um rekstur þessara aðila á veitingaafgreiðslum inni á eldsneytisstöðvum N1. Formlega leigja þessi félög aðstöðu af N1 en aðilar njóta góðs af hvorum öðrum þar sem veitingastaðirnir geta notið viðskipta þeirra sem kaupa eldsneyti og ákveða að kaupa sér einnig mat. Að sama skapi geta veitingastaðirnir fjölgað viðskiptavinum N1. Fellist þannig í þessu að hvor aðili fyrir sig einbeittir sér að því sem hann er góður í en með því að samnýtinga aðstöðu má ná fram kostnaðarhagræði og aukinni veltu.

Loks hefur N1 falið umboðsmönnum að annast um afgreiðslur sem reknar eru undir merkjum N1 á landsbyggðinni.

Samningar um framangreint samstarf fylgja samrunaskrá þessari að því marki sem til eru formlegir samningar þar um og ástæða er til.

#### **Kafli 4 – Persónuleg og fjárhagsleg tengsl og fyrri yfirtökur**

Stjórn N1 er skipuð Margréti Guðmundsdóttir, Helga Magnússyni, Kristínu Guðmundsdóttur, Jóni Sigurðsson og Þórarni Viðari Þórarinssyni.

Margrét situr í stjórn Eignahaldsfélagsins Lyngs ehf., Lyfjapjónustunnar ehf, Icepharma AS, Heklu hf., Reiknistofu Bankanna og Paradísar ehf.

Helgi starfar sem framkvæmdastjóri Eignarhaldsfélags Hörpu ehf.. Hann er stjórnarformaður Bláa lónsins hf. og Húsasmiðjunnar og á sæti í stjórn Marels hf. og Hofgarða ehf.

Kristín er í stjórn Kviku banka hf., í stjórn Farice frá 2013 og í stjórn RVK-Studios frá 2015. Hún er í fjárfestingarráði Eyrís sprota og í stjórn Golfsambands Íslands.

Jón er framkvæmdastjóri Helgafells ehf. og Straumness ráðgjafar ehf. Hann situr í stjórn Refresco Group B.V.

Þórarinn er formaður stjórnar Reita fasteignafélags hf. og situr í stjórn Líflands hf., Grana ehf., Azazo ehf. og Forsa ehf.

Hafa stjórnarmenn N1 engin tengsl við keppinauta félagsins á sviði dreifingar og smásölu eldsneytis. Hins vegar situr Þórarinn Viðar í stjórn Reita sem er keppinautur fasteignafélaga Festi í útleigu á atvinnuhúsnæði.

Í stjórn Festi eru Hreggviður Jónsson, Arnar Ragnarsson, Helga Hlín Hákonardóttir, Þórunn Jónsdóttir og Guðjón Karl Reynisson.

Hreggviður er einnig stjórnarformaður Veritas Capital ehf. hvar hann er aðaleigandi. Arnar Ragnarsson er starfsmaður Stefnis. Helga Hlín er stjórnarmaður hjá Vátryggingafélagi Íslands, Meniga, Viðskiptaráði Íslands og Crossfit Akureyri ásamt því að vera einn eiganda Strategíu.

Nefna má að Jónas Hagan sem er stjórnarmaður í Perroy ehf. þar sem Festi er minnihlutaeigandi er einnig stjórnarmaður í Vörðu Capital ehf. og Smáabyggð sem hafa með höndum útleigu atvinnuhúsnæðis. Þá er Þórður Már Jóhannesson stjórnarmaður í Festi fasteignum og Höfðaeignum einnig stjórnarmaður í Bílápvottastöðin Lindin ehf. Er starfsemi hennar ekki á markaði sem máli skiptir þar sem samrunaaðilar reka ekki bílápvottastöðvar. N1 leigir þó aðstöðu til Löðurs.

Þeir sem sitja í framkvæmdastjórnnum félaga samrunaaðila eða stjórnnum félaga á vegum samrunaaðila sitja ekki í öðrum stjórnnum félaga sem starfa á mörkuðum þar sem áhrifa gætir. Hér að framan hafa ekki verið taldar með tæmandi hætti stjórnir sem stjórnarmenn samrunaaðila sitja í en tilgreindar eru stjórnir félaga sem hafa starfsemi á mörkuðum þar sem

áhrifa gæti og tilkynna ber um samkvæmt kafla 5.2. í viðauka við reglur um tilkynningu samruna.

Þeir fyrirtækjahópar sem skilgreindir eru í 4. kafla reglna um tilkynningu samruna hafa ekki komið að samrunum á síðustu þremur árum fyrir utan kaup N1 á rekstri Gúmmívinnslunnar á Akureyri. Voru kaupin undir veltumörkum samkeppnislaga og því ekki tilkynningarskyld til Samkeppniseftirlitsins. Rúm þrjú ár eru síðan SF V tók yfir Festi sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 7/2014 *Kaup Bekei hf. á Bakkanum vöruhótelu ehf., ELKO ehf., EXPO Kópavogi ehf., ISP á Íslandi ehf., Kaupási ehf. og fasteignum í eigu Smáragarðs ehf.*

Í tengslum við síðastnefndu yfirtökuna gerðu SF V, Festi, Stefnir hf. og Arion Banki hf. sátt við Samkeppniseftirlitið. Í 3. mgr. þeirrar sáttar er kveðið á um að SF V skuli gera Samkeppniseftirlitinu grein fyrir breytingum á yfirráðum með skriflegri tilkynningu. SF V lítur svo á að samrunaskrá þessi uppfylli skilyrði sem gerð eru til slíkrar tilkynningar en óski Samkeppniseftirlitið eftir sérstakri tilkynningu þar um er auðvelt að vera við slíkri ósk.

Í ársbyrjun 2017 var óskað eftir endurupptöku ofangreindrar sáttar (m.a. vegna vægari krafna sem gerðar voru í sátt þeirri sem Samkeppniseftirlitið gerði í tengslum við sambærileg kaup Horns III slhf. á Basko ehf.) en sú beiðni hefur ekki enn verið afgreidd. Þó kveðið sé á um í 1. mgr. 3. gr. sáttarinnar að hún falli úr gildi missi SF V yfirráð sín yfir Festi (eins og mun gerast verði af þessum viðskiptum) óskar SF V eftir því að ofangreint erindi verði engu að síður afgreitt sem fyrst, enda varðar það hagsmuni aðila miklu.

## **Kafla 5 – Fylgiskjöl**

1. Kaupsamningur ásamt viðaukum [Trúnaðarmál]
2. Ársreikningur N1 fyrir 2016
3. Ársreikningur N1 fyrir 2015
4. Ársreikningur Festi fyrir 2016
5. Ársreikningur Festi fyrir 2015
6. Samningur Bakkans og Byko [Trúnaðarmál]
7. Leigusamningur við 10-11 [Trúnaðarmál]
8. Hluthafasamkomulag um EAK [Trúnaðarmál]
9. Hluthafasamkomulag um EBK [Trúnaðarmál]
10. Hluthafasamkomulag um Olíudreifingu [Trúnaðarmál]
11. Umboðsmannasamningur við Doddagrill [Trúnaðarmál]
12. Húsaleigusamningur við Doddagrill [Trúnaðarmál]
13. Umboðsmannasamningur vegna Garðsins [Trúnaðarmál]
14. Umboðsmannasamningur vegna Víkur [Trúnaðarmál]
15. Húsaleigusamningur við Serranó vegna Hringbrautar [Trúnaðarmál]
16. Húsaleigusamningur við Skyrboozt ehf. vegna Hringbrautar [Trúnaðarmál]
17. Húsaleigusamningur við Stjörnuna vegna Hringbrautar [Trúnaðarmál]
18. Umboðsmannasamningur við Kaupfélag Steingrímsfjarðarheiðar [Trúnaðarmál]
19. Samningur við Löður um útleigu á þvottastöðvum [Trúnaðarmál]
20. Viðskiptasamningur við Samkaup [Trúnaðarmál]

21. Húsaleigusamningur við Systrakaffi [Trúnaðarmál]
22. Umboðsmannasamningur vegna Hellissands [Trúnaðarmál]
23. Húsaleigusamningur um Skýlið Vestmannaeyjum [Trúnaðarmál]
24. Umboðsmannasamningur við Skýlið [Trúnaðarmál]
25. Húsaleigusamningur við Verslunina Árborg ehf. [Trúnaðarmál]
26. Umboðsmannasamningur við Verslunina Árborg ehf. [Trúnaðarmál]
27. Samningur N1 og Bílanaust um vöruhúsaþjónustu [Trúnaðarmál]
28. Umboð til ADVEL lögmannna
29. Kvittun vegna greiðslu samrunagjalds
30. Umboð til Einars Baldvins Árnasonar
31. Listi yfir fasteignir Festi [Trúnaðarmál]
32. Listi yfir fasteignir N1 tekinn saman af Þjóðskrá [Trúnaðarmál]

Þess er óskað að gætt verði trúnaðar um kaupsamning aðilanna og önnur þau skjöl og upplýsingar (þ.m.t. sölutölur/söluskiptingartölur/upplýsingar um viðskiptavini/birga) sem afhent eru samhliða samrunaskrá þessar að minnsta kosti að því marki sem ríkja ber trúnaðar um efni þeirra.

## **Kafla 6 – Skilgreiningar á mörkuðum**

### **6.1 Almenn**

Aðilar starfa á allólíkum mörkuðum og er í sjálfu sér afar takmörkuð skörun í vöru- og þjónustuframboði samrunaaðila. Þrátt fyrir það selja samrunaaðilar í einhverjum tilvikum sömu eða sambærilegar vörur. Er svo mikill munur á því hvernig það er gert auk þess sem skörunin í vöruframboði er svo takmörkuð að ekki verður litið svo á sem um sé að ræða starfsemi á sama markaði.

Hér á eftir verður fjallað nánar um skilgreiningu viðkomandi vörumarkaða og svo viðkomandi landfræðilegra markaða. Í flestum tilvikum liggur fyrir nýlegt mat Samkeppniseftirlitsins á markaðshlutdeild aðila sem miða mætti við. Verður almennt notast við nýlegasta mat Samkeppniseftirlitsins í samrunaskrá þessari. Í því felst ekki að samrunaaðilar telji matið hárrétt heldur frekar að um sé að ræða skástu nálgun á markaðshlutdeild fyrirtækja á markaðnum enda getur verið vandkvæðum bundið að nálgast ítarlegar upplýsingar um starfsemi keppnauta.

### **6.1. Vörumarkaðir**

Viðkomandi vörumarkaðir í skilningi reglna nr. 684/2008 eru nokkrir. Í kafla 7 í viðauka við reglur Samkeppniseftirlitsins nr. 684/2008 um tilkynningu samruna segir m.a. svo:

„Með viðkomandi vörumarkaði er átt við markað fyrir vörur og/eða þjónustu sem neytendur líta á sem staðgönguvörur eða staðgöngubjónustu vegna eiginleika sinna, verðs og áformaðrar notkunar. Markaður er sölusvæði vöru og staðgönguvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgöngubjónustu, sbr. 4. gr. samkeppnislaga. Staðgönguvara og staðgöngubjónusta er vara eða þjónusta sem að fullu eða verulegu leyti geta komið í stað annarrar. Meðal þátta, sem skipta máli

við mat á viðkomandi markaði, er greining á því hvers vegna viðkomandi vara eða þjónusta tilheyrir þessum markaði og hvers vegna önnur vara eða þjónusta tilheyrir honum ekki samkvæmt framangreindri skilgreiningu og með hliðsjón af, meðal annars, hvort varan eða þjónustan nýtist sem staðgönguvara eða staðgöngubjónusta, samkeppnisstöðu, verði, verðsveiflum vegna eftirspurnar eða öðrum þáttum sem máli skipta við skilgreiningu á markaðinum.“

Samkeppniseftirlitið hefur haft dagvörumarkað og markaðinn fyrir smásölu á eldsneyti töluvert til umfjöllunar á undanförunum árum. Liggur beinast að við að fjalla fyrst um þessa markaði. Hvor samrunaaðila fyrir sig starfar svo á öðrum markaða sem fjallað verður um í kjölfarið. Vegna þess hversu ólík starfsemi samrunaaðila er verður ekki álitnið að ástæða sé til þess almennt að skipta mörkuðum málsins í mjög marga undirmarkaði.

#### 1. Dagvörumarkaður

Á meðal nýlegra ákvarðana Samkeppniseftirlitsins um dagvörumarkaðinn er ákvörðun nr. 21/2016 *Kaup Samkaupa á verslunarrekstri í eigu Miðbúðarinnar ehf.* Í ákvörðuninni var tekið saman álit Samkeppniseftirlitsins á dagvörumarkaðnum í eftirfarandi orðum:

„Í skýrslu Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2015 Leiðbeining um samkeppni á dagvörumarkaði – Staða samkeppninnar 2015 var markaðurinn skilgreindur sem sala á dagvörum í dagvöruverslunum. Ennfremur var landfræðilegur markaður talinn vera staðbundinn og miðað hefur verið við að matvöruverslanir innan u.þ.b. 20 mínútna akstursfjarlægðar séu í samkeppnihver við aðra. Í skýrslunni kemur einnig fram að markaðshlutdeild Samkaupa á landinu öllu sé 15-16%, en 5-6% á höfuðborgarsvæðinu. Er þetta sama skilgreining og lögð hefur verið til grundvallar í eldri úrlausnum samkeppnisyfirvalda sem varða dagvörumarkaðinn. Samkeppniseftirlitið telur að áhrifa þess samruna sem um ræðir muni fyrst og fremst gæta á höfuðborgarsvæðinu þar sem Miðbúðin starfar. Líkt og að framan greinir þá er Miðbúðin stök verslun og hlutdeild verslunarinnar í dagvörusölu á höfuðborgarsvæðinu því óveruleg eða innan við 1% miðað við veltu dagvöruverslana á því svæði árið 2014.“

Lítil umfjöllun var um samkeppnisaðstæður á dagvörumarkaði almennt í framangreindri ákvörðun. Í tilvísaðri skýrslu nr. 1/2015 var að finna þó nokkra umfjöllun. Þar sagði meðal annars að til dagvörumarkaðarins:

„telst almennt [...] sala á dagvörum í dagvöruverslunum. Sérverslanir eins og bakarí, fiskbúðir, bensínstöðvar, söluturnar o.fl. hafa ekki verið taldar falla undir dagvörumarkaðinn. Einstakar tegundir sérverslana geta tilheyrt sérstökum mörkuðum.“

Var vísað til fimm nánar tilgreindra ákvarðana Samkeppniseftirlitsins þessu til frekari stuðnings svo og eins dóms Hæstaréttar Íslands. Virðist nærtækt að álykta sem svo að nokkuð skýrt sé hvernig skilgreina beri dagvörumarkaði og hvaða teljist ekki til dagvörumarkaðar.

Framangreindu til viðbótar er svo ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 28/2017 *Samruni Haga hf. og Lyfju hf.* Var þar byggt á sömu sjónarmiðum og rakin hafa verið hér á undan varðandi skilgreiningu markaðarins fyrir sölu á dagvöru í dagvöruverslunum. Þá sagði svo:

„Í ljósi sjónarmiða Haga um að sala bensínstöðva á dagvöru teljist hluti af markaðnum, telur Samkeppniseftirlitið rétt að ítreka að ekki hefur verið litið svo á hingað til að sala bensínstöðva á dagvöru sé hluti af sama markaði og sala annarra dagvöruverslana á slíkri vöru, sbr. nefndan úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 2/2009, sem staðfestur var með áðurnefndum dómi Hæstaréttar í máli nr. 188/2010. Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 28/2014, *Beiðni Rekstrarfélagsins Tíu ellefu ehf. og Skeljungs hf. um undanþágu frá 10. gr. samkeppnislaga vegna rammasamnings um leigu á fasteignum fyrir dagvöruverslanir*, var það jafnframt niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að verslanir Tíu ellefu væru ekki á sama markaði og t.d. verslanir Skeljungs, þrátt fyrir að síðarnefndu verslanirnar seldu einnig eitthvert úrval dagvöru. Í þeirri ákvörðun kom m.a. fram að Samkeppniseftirlitið hefði hingað til ekki talið nægjanleg rök fyrir því að sala bensínstöðva útfrá sjónarhóli neytenda félli undir þann markað sem almennar matvöruverslanir starfi á, sökum þess að meginviðskipti bensínstöðvanna beindust að sölu á annars konar vöru en dagvöru.“

Kom einnig fram að skilin væru ekki skörp að mati Samkeppniseftirlitsins og að niðurstaðan kynni að verða endurskoðuð. Í tilvitnaðri ákvörðun var álititið að Hagar hefðu ekki fært fullnægjandi rök fyrir því að sala dagvöru á eldsneytisstöðvum félli undir almenna sölu á dagvörum. Var því þó haldið fram af félaginu.

Hvað varðar sérstaklega þann samruna sem hér er til umfjöllunar skiptir höfuðmáli hvort sala N1 á dagvöru verði talin á sama markaði og dagvörusala Festi eða ekki. Í ákvörðunum Samkeppniseftirlitsins hefur verið álititið líkt og framangreind tilvitnun ber með sér að gera verði skýran greinarmun á sölu á dagvöru á eldsneytisafgreiðslum og í dagvöruverslunum. Sé um að ræða eðlisólíkan rekstur sem teljist ekki vera á sama markaðnum. Hefur þetta verið margítrekað af hálfu Samkeppniseftirlitsins og vandséð hvaða sjónarmið ættu að geta leitt til annarrar markaðsskilgreiningar.

Hníga sterk rök að þessari niðurstöðu. Vöruframboð eldsneytisstöðva í dagvöru er almennt takmarkað og áherslan á skyndibita, snakk og gosdrykki. Stórmarkaðir hins vegar almennt stefna að breiðu vöruframboði og/eða lágu verði. Þá eru opnunartímar og staðsetningar stórmarkaða og eldsneytisstöðva ólíkar auk þess sem neytendur fara í dagvöruverslanir og á eldsneytisafgreiðslum af ólíkum ástæðum. Sést það ekki hvað síst af því að dagvöruverslanir eru gjarnan staðsettar miðsvæðis í íbúðahverfum með mörgum bílastæðum þar sem hver viðskiptavinur stoppar lengi. Eldsneytisstöðvar eru hins vegar yfirleitt við helstu umferðaaðar, með fá bílastæði og stoppa viðskiptavinir almennt frekar stutt.

Svo sem fram hefur komið opinberlega sjá ýmsir forsvarsmenn verslunarinnar fyrir sér að aukið samstarf verði á milli dagvöruverslana og eldsneytisstöðva. Er það meðal annars líklegt vegna þessa samruna. Á sama tíma sameinast hugsanlega Hagar og Olís. Af því leiðir þó ekki að starfsemi dagvöruverslana og eldsneytisstöðva verði talin á sama markaði. Aðeins skapast tækifæri til þess að staðsetja þjónusturnar hlið við hlið þannig að þær geti notið góðs hvor af



annarri rétt eins og verslanir almennt njóta góðs af því að vera á svipuðu slóðum t.d. í þar til gerðum verslunarmiðstöðvum.

Með hliðsjón af því sem hér greinir og miðað við fyrirbyggjandi fordæmi samkeppnisyfirvalda verður ekki ætlað að dagvöruverslun Festi og dagvörusala N1 sé á sama markaði. Hafa eldsneytisstöðvar alfarið eðlisólíkar áherslur en dagvöruverslanir að því leyti sem dagvörur eru seldar á eldsneytisstöðvum.

Í þessu samhengi má taka það fram að sáralítill skörun er í framboði samrunaaðila á rekstrarvörum fyrir bifreiðar. Selja verslanir Festi sjö gerðir af efnavörum og sex gerðir af rúðusköfum. Heildarvelta allra verslana Festi í þessum vörum voru [...]³. Má því ljóst vera að Festi er ekki í virkri samkeppni við eldsneytisstöðvar um þær vörur sem almennt finnast á eldsneytisstöðvum.

Að mati samrunaaðila er einnig óþarfi að líta svo á sem sérstakur markaður sé til fyrir sölu á dagvöru á eldsneytisstöðvum. Verður það rakið nánar hér á eftir.

## *2. Sala á eldsneyti og öðrum vörum á eldsneytisafgreiðslum*

Í markaðsrannsókn Samkeppniseftirlitsins sem enn stendur yfir var farin sú leið að skipta eldsneytismarkaðnum í fjögur stig; innflutning og heildsölu, birgðahald, dreifingu og svo var síðasta stigið smásala á eldsneyti. Taldi Samkeppniseftirlitið ástæðu til þess að skipta markaðnum í tvennt eftir því hvort selt væri til einstaklinga á þar til gerðum eldsneytisstöðvum eða hvort selt væri til viðskiptavina og afhent hjá þeim t.d. með olíuflutningabifreið. Í frummatsskýrslu Samkeppniseftirlitsins komst stofnunin að eftirfarandi niðurstöðu um markaðinn:

„Með hliðsjón af framangreindu er það mat Samkeppniseftirlitsins að vörumarkaðir í smásölu eldsneytis skiptist í tvo flokka. Annars vegar sölu fljótandi eldsneytis á eldsneytisstöðum, flokkað eftir tegund, og hins vegar sölu fljótandi eldsneytis, einnig flokkað eftir tegund, beint til einstakra fyrirtækja þar sem eldsneytið er afhent með olíuflutningabifreið, skipi eða beint af tanki.“

Má í sjálfu sér leggja þessi sjónarmið til grundvallar við skilgreiningu markaðar á smásölu eldsneytis. Einhver fyrirtæki kaupa eldsneyti sem afgreitt er á eldsneytisstöðvum eftir atvikum samkvæmt sérstökum samningum þar um. Almennt haga olíufélög sér öðruvísi í markaðssetningu gagnvart stærri félögum sem kaupa mikið magn eldsneytis t.d. útgerðum og flugfélögum.

Smásala til almennings lítur að því leyti öðrum lögmálum að ekki er gerður sérsníðinn samningur við hvern og einn viðskiptavin. Stendur öllum til boða hjá flestum eldsneytissölum landsins að fá afsláttarkort eða þar til gerðan afsláttarlykil. Auglýsa öll olíufélög gagnvart almenningi með auglýsingum í helstu miðlum og bjóða afslætti eða sérkjör með ýmsum hætti.

Á eldsneytisstöðvum eru almennt seldar fjórar tegundir eldsneytis, þ.e. 95 og 98 oktana bensín og svo dísilolía sem ýmist er lituð eða ólituð. Á þeim hluta markaðarins sem lítur að fyrirtækjum

---

<sup>3</sup> Trúnaðarmál

taldi Samkeppniseftirlitið í nefndri frummatsskýrslu einnig vera skipagasolíu (MGO) lituð og ólituð, skipagasolíu (MDO), svartolíu, flugsteinolíu og flugbensín.

Eins og málum er háttað um þessar mundir flytur Statoil inn olíu og geymir í tönkum sem félagið leigir hér á landi. Er aðkoma N1 að innflutning og birgðahaldi honum tengdum að því leyti takmörkuð. Væri eðlilegast að líta svo á að N1 kaupi eldsneyti í heildsölu. Þá hefur N1 engin raunveruleg yfirráð yfir Olíudreifingu sem annast dreifingu á eldsneyti þrátt fyrir 60% eignarhlut sinn í félaginu m.a. vegna skilyrða Samkeppniseftirlitsins. Í því ljósi og vegna þess hvernig samruni þessi er vaxinn er eðlilegt að líta svo á sem N1 starfi fyrst og fremst á markaðnum fyrir sölu á eldsneyti. Eldsneyti er selt til fyrirtækja og einstaklinga. Hefur verið að N1 fullu reiðubúið til þess að selja eldsneyti til endursölu og gert tilboð í slík viðskipti þegar eftir því hefur verið leitað. Verður hins vegar varla litið svo á sem til sé sjálfstætt heildsölustig í eldsneytissölu. Líta mætti á eldsneytissölu til fyrirtækja sem heildsölu og eldsneytissölu til neytenda á eldsneytisafgreiðslum sem smásölu enda starfsemin að mörgu leyti ólík.

Í áðurnefndri frummatsskýrslu skipti Samkeppniseftirlitið markaðnum fyrir sölu á eldsneyti til skipa og flugvéla ekki frekar upp. Verður þessari skiptingu fylgt hér í grófum dráttum svo sem hér hefur komið fram. Ekki verður litið svo á sem N1 starfi á sjálfstæðum mörkuðum fyrir birgðahald eða dreifingu. Kaupir N1 töluverða þjónustu af Olíudreifingu sem N1 hefur ekki yfirráð yfir líkt og áður segir þrátt fyrir eignarhlutdeild. Að öðru leyti er ekki um það að ræða að N1 starfræki birgðastöðvar nema til eigin nota. Er því aðeins um að ræða eðlilegan þátt í starfsemi N1.

Jafnframt verður ekki gerður greinarmunur á eldsneytistegundum nema bensíni og díslu enda ekki ástæða til þess eins og mál þetta er vaxið. Vörumarkaðir í sölu eldsneytis eru þá eftirfarandi:

- Sala á bensíni á eldsneytisstöðvum
- Sala á díslu á eldsneytisstöðvum
- Sala á eldsneyti til fyrirtækja og rekstraraðila
- Sala á eldsneyti til skipa
- Sala á flugvélaeldsneyti

Viðskiptavinir í skipa- og flugvélaeldsneyti er eðli málsins samkvæmt að mörgu leyti ólíkir og lúta viðskiptin við þá að ýmsu leyti ólíkum lögmálum. Er þar um að ræða markaði þar sem áhrifa samrunans gætir ekki. Er ekki ástæða til þess að greina þessa markaði nákvæmar en hér er gert.

Eins og mál þetta er vaxið er ekki sérstök ástæða til þess að greina á milli litaðrar og ólitaðrar olíu eða bensíns eftir oktanatölu þess. Almennu eru sömu eldsneytistegundir seldar á hverri eldsneytisstöð.

Eldsneytisafgreiðslur eru afar ólíkar hvað þjónustustig varðar. Á sumum eru seldar margvíslegar hliðarafurðir, boðið upp á þjónustu og jafnvel þvottaaðstöðu. Aðrar eldsneytisstöðvar hafa svo aðeins sjálfssala. Hingað til hefur eldsneytisstöðvum ekki verið skipt í sérstaka vörumarkaði eftir þjónustustigi þeirri hér á landi. Að mati N1 standa ekki efni til þess að gera það í máli þessu. N1 rekur allar tegundir eldsneytisstöðva en Festi enga.

Rétt er að taka það fram að mörg dæmi eru um að eðlisólíkar vörur séu seldar af tilteknum verslunum sem þó teljast ekki á sama markaði. Þannig má finna ljósaperur í dagvöruverslunum og raftækjaverslun; vasaljós í dagvöruverslunum, raftækjaverslunum og eldsneytisstöðvum og sælgæti á pósthúsum, dagvöruverslunum og eldsneytisstöðvum. Af því leiðir þó ekki að til sé sjálfstæður ljósaperumarkaður, vasaljósamarkaður eða sælgætismarkaður sem innihaldi þessar ólíku tegundir rekstraraðila.

Sala á t.d. dagvörum á eldsneytisstöðvum er eðlisólík annarri sölu á dagvörum t.d. hvað varðar framboð. Líkt og fram kemur hér á eftir eru stærstu birgjar N1 ekki þeir sömu og birgjar Festi nema að takmörkuðu leyti. Mætti jafnvel halda því fram að villandi væri að tala um sölu á dagvöru á eldsneytisstöðvum þar sem að meginstefnu til er um að ræða gos, tóbak, sælgæti og snakk. Er vöruúrvalið því að mörgu leyti meira í ætt við söluturna en dagvöruverslunir.

Á þjónustustöðvum N1 er gjarnan boðið upp á mat (t.d. pulsar) sem ýmist er framreiddur af N1 eða samstarfsaðilum félagsins. Önnur olíufélög hér á landi bjóða einnig um upp á mat á völdum þjónustustöðvum sínum. Yfirleitt er öll matvara sem seld er á eldsneytisstöðvum þannig að hana má borða beint úr umbúðunum án þess að nokkuð þurfi að gera við hana. Á það við um allt snakk, sælgæti, gos og forsmurðar samlokur sem finna má á eldsneytisstöðvum. Hér er því einnig um það að ræða að salan á þessum vörum á að styðja við eldsneytissöluna og öfugt þannig að fólk leitar frekar á stöðvar N1 vegna þjónustunnar og/eða kaupi meira en aðeins eldsneyti þegar komið er við á eldsneytisstöð.

Á eldsneytisstöðvum eru einnig seldar annars konar vörur en dagvara og bensín. Aðallega er þar um að ræða ýmis konar bílavörur fyrir neytendur á borð við smurolíur og aðrar olíuvörur en einnig eru almennt til sölu fatnaður á borð við vinnuvettlinga, lítil vasaljós, rúðuvökvi, hreinsiefni og ýmislegt fleira. Er vöruframboðið almennt sniðið að þörfum einstaklinga á eldsneytisafgreiðslum enda kaupa fyrirtæki vörur af þessu tagi jafnan í stórum einungum og fá sendar á starfsstöð eða kaupa í sérhæfðum verslunum.

Með hliðsjón af því sem hér greinir telja samrunaaðilar eðlilegt með hliðsjón af því hvernig samruni þessi er vaxinn að líta svo á sem til sé markaður fyrir sölu á eldsneyti líkt og fram hefur komið. Mætti einnig nefna hann markað fyrir sölu á vörum á eldsneytisstöðvum. Á markaðnum væru þá þrír undirmarkaðir í samræmi við framangreint. Þetta mætti skýra nánar með eftirfarandi hætti:

- Markaður fyrir sölu á vörum á eldsneytisafgreiðslum
  - Markaður fyrir sölu á eldsneyti (undirmarkaður)
  - Markaður fyrir sölu á dagvöru, samlokum og einföldum tilbúnum réttum (undirmarkaður)
  - Markaður fyrir sölu á rekstrarvöru bifreiða (undirmarkaður)

Þjónusta sem veitt er á verkstæðum eldsneytisstöðva væru þá annar sjálfstæður markaður enda er ekki sjálfgefið að veitt sé þjónusta á eldsneytisstöðvum auk þess sem ekki er um að ræða vörur sem keyptar eru saman. Eru verkstæði aðeins á tveimur þjónustustöðvum N1 en á meðal keppinauta félagsins er það óalgengt. Rekur Skeljungur aðeins þrjú smurverkstæði en Olís er í samstarfi við verkstæði sem eru í eigu þriðju aðila. Er töluvert til af sjálfstæðum

verkstæðum sem veita margvíslega þjónustu. Kaupa þau vörur af aðilum á borð við N1 eða öðrum innflytjendum bílavara. Að mati N1 er hér um að ræða sjálfstæðan markað.

### 3. Raftæki

Elko flytur inn raftæki og selur í þremur verslunum á höfuðborgarsvæðinu auk þess sem Elko heldur úti vefverslun og friðhafnarverslun á Keflavíkurflugvelli. Elko selur breitt úrval heimilis- og raftækja. Verður engin sérstök breyting á markaðnum við samruna þann sem hér er til umfjöllunar.

Á markaðnum starfa margvíslegar verslanir með mismikið vöruframboð. Þannig sérhæfa sumar raftækjaverslanir sig aðeins í tilteknum vörumerkjum eða tilteknum flokki raftækja. Standa engin sérstök rök til þess að undanskilja slíkar verslanir frá markaðnum enda selja þær í sjálfsér samskonar vörur og Elko og gætir samkeppni frá þeim. Þó að samkeppni frá slíkum verslunum gæti aðeins á hluti markaðarins og markaðshlutdeild kynni því að teljast lítil þegar miðað er við umfang heildarmarkaðarins geta slíkar verslanir þó notið mjög sterkrar stöðu. Þannig hefur t.a.m. verslunin Epli notið sterkrar stöðu í sölu á vörum frá Apple Inc. Verður að hafa þetta í huga þegar staða einstakra fyrirtækja á markaðnum er metin.

N1 selur ekki raftæki nema í afar litlum mæli (t.d. vasaljós) og getur því ekki talist keppinautur Elko.

Getur það varla haft sérstaka þýðingu fyrir samrunann að gera greinarmun á sölu á minni eða stærri heimilistækjum eða að skipta raftækjamarkaðnum eftir vöruflokkum, t.d. í sjónvörp, ísskáp og hárpurrkur.

Í ákvörðun nr. 7/2014 var vísað til markaðarins sem ELKO starfar á sem markaðarins fyrir smásölu á raftækjum, DVD mynddiskum, tölvuleikjum og tónlist á geisladiskum. Greindi Samkeppniseftirlitið markaðinn ekki ítarlegar vegna eðlis samrunans. Má ætla að svipuð sjónarmið eigi við í máli þessu.

Hér á eftir verður því fjallað um raftækjamarkaðinn í heild sinni án þess að honum sé skipt frekar upp. Verður einnig litið svo á sem tölvuleikir ásamt DVD diskum og geisladiskum heyri til markaðarins án þess að fjallað verði sérstaklega um slíka söluhluti.

### 4. Smásala á íþróttafatnaði og auglýsingar

Festi starfrækti um áráðil verslunina Intersport en hún hefur nú verið lögð niður. Þegar litið er á nýjasta ársreikning félagsins gætir enn áhrifa af sölu á íþróttavörum en þar sem versluninni hefur verið lokað og ákveðið að hætta starfseminni þjónar það engum tilgangi að fjalla sérstaklega um þennan markað. Sú markaðshlutdeild sem Intersport naut á árinu 2016 og fyrri hluta ársins 2017 mun verður engin á síðara hluta ársins 2017 og árinu 2018. Hefur félagið enn fremur verið selt með þeim viðskiptasamböndum sem því fylgja. Mun afhending fara fram síðar á árinu.

Heiti félagsins sem áður nefndist EXPO var breytt í ADCO í Kópavogi. Hefur félaginu nú verið slitið og skiptir það því ekki máli fyrir samruna þennan.

### 5. Rekstrarvörur

N1 flytur inn og selur ýmis konar rekstrarvörur fyrir bifreiðar. Þar á meðal eru hjólbarðar og smurolíur. Hér að framan var sala á sumum vörum af því tagi á eldsneytisstöðvum skilgreind sem undirmarkaður markaðarins fyrir sölu á eldsneytisstöðvum en þar er um að ræða sölu á vörum í neytendapakkingum. Rekstrarvörur eru einnig seldar beint af lager til fyrirtækja. Þannig er smurolía til að mynda seld sjávarútvegsfyrirtækjum samkvæmt pöntunum. Í einhverjum tilvikum er um að ræða vörur sem krefjast þess að þjónusta sé veitt með og rekur N1 nokkur þjónustuverkstæði þar sem hægt er að fá skipt um hjólbarða og ljósaperur eða smurolíu. Líkt og fram kom hér að framan er sala á verkstæðum að mati samrunaaðila sjálfstæður markaður enda er þar seld saman sérhæfð þjónusta og tilheyrandi vörur.

Algengt er að fyrirtæki sem flytja inn vörur af þessu tagi selji vörur til endursölu og einnig beint til viðskiptavina. Hér er um að ræða vörur sem almennt eru seldar í sérhæfðum verslunum eða á verkstæðum til notenda. Er engin skörun á þessari starfsemi N1 og starfsemi Festi enda selur Festi ekki rekstrarvöru í stórnotendapakkingum.

Rekur N1 nokkrar verslanir þar sem ýmis konar rekstrarvörur eru seldar. Er stærsta verslunin í Klettagörðum 13 í Reykjavík. Þaðan eru vörur sendar til viðskiptavina eða þeir koma í verslunina. Er vöruframboðið miðað við rekstraraðila frekar en einstaklinga og umbúðir almennt stórar. Fjölmarginir viðskiptavinir kjósa að fá vörurnar sendar, t.d. útgerðir sem kaupa töluvert af smurolíu. Að mati N1 er hér um að ræða sjálfstæðan markað.

Því mætti halda fram að ástæða sé til þess að skipta þessum markaði frekar niður eftir notkunareiginleikum vara. Í ljósi þess að engin sérstök skörun er á milli þessarar starfsemi N1 og starfsemi Festi og þar sem viðskiptavinir N1 er gjarnan þeir sömu þó að vörurnar kunni að vera ólíkar verður þó ekki séð að rök standi til þess að gera það hér.

#### 6. Útleiga á atvinnuhúsnæði

Nokkuð hefur verið fjallað um markaðinn fyrir útleigu á atvinnuhúsnæði af hálfu Samkeppniseftirlitsins á undanförunum árum, t.d. í eftirfarandi ákvörðunum:

- 45/2008 *Eignarhald Stoða eignarhaldsfélags hf. (áður FL Group) á Landic Property ehf. og Þyrpingu hf.*
- 22/2010 *Yfirtaka Íslandsbanka á Eik Properties ehf.*
- 32/2013 *Samruni Eikar fasteignafélags hf. og SMI hf.*
- 12/2014 *Samruni Regins hf. og Klasa fasteigna ehf.*
- 23/2014 *Samruni Landfesta ehf. og Eikar fasteignafélags hf.*
- 10/2015 *Kaup Regins hf. á Bréfabæ ehf., Fjárvara ehf. og Sævarhöfða 2 ehf.*
- 7/2016 *Kaup Reita hf. á tíu fasteignafélögum í rekstri Stefnis hf.*
- 13/2016 *Kaup Eikar fasteignafélags hf. á Radison Blu 1919*
- 35/2016 *Kaup Almenna leigufélagsins ehf. á Leigufélaginu Kletti ehf.*

Samkeppniseftirlitið hefur í öllum ofangreindum málum skilgreint vöru- og þjónustumarkaðinn þannig að hann sé markaður fyrir útleigu á atvinnuhúsnæði þegar slík útleiga er meginstarfsemi viðkomandi fasteignafélags. Hefur Samkeppniseftirlitið talið fasteignafélög sem einungis leigja út fasteignir til fyrirtækja innan sömu fyrirtækjasamstæðu eða fyrirtækja undir yfirráðum sömu aðila og sjálft fasteignafélagið tilheyra öðrum markaði.

Í ákvörðun stofnunarinnar nr. 45/2008 sagði um þetta m.a.:

*„Þegar framangreint er virt er það mat Samkeppniseftirlitsins að samkeppnislegra áhrifa samrunans muni gæta á markaði fyrir útleigu á atvinnuhúsnæði þegar slík útleiga er meginstarfsemi viðkomandi fasteignafélags. Undir þessa skilgreiningu falla því ekki fasteignafélög sem einvörðungu leigja út fasteignir til fyrirtækja innan sömu fyrirtækjasamstæðu eða fyrirtækja undir yfirráðum sömu aðila og sjálft fasteignafélagið.“*

Í ofangreindum ákvörðunum hefur Samkeppniseftirlitið einnig rökstutt að ekki sé staðganga milli eignamarkaðs fyrir atvinnuhúsnæði annars vegar og leigumarkaðs fyrir atvinnuhúsnæði hins vegar. Sú staðganga sé takmörkuð út frá eftirspurnarhliðinni.

Festi starfar hvort tveggja við útleigu á atvinnuhúsnæði og á sviði smásölu. Á félagið hluta af því húsnæði sem smásöluverslanir þess starfar í. Er félagið Krónan þannig stærsti einstaki leigutaki fasteignafélaga Festi. Leigja leigufélög í eigu Festi einnig fasteignir til annarra aðila sem starfa á sviði smásölu eða þjónustu. Miðað við skilgreiningu Samkeppniseftirlitsins á markaðnum fyrir útleigu á atvinnuhúsnæði hingað til bæri einungis að telja til markaðarins þann hluta fasteigna Festi sem ekki í er í leigu til smásöluhluta fyrirtækisins.

Samrunaðilar telja rétt að líta svo á sem aðeins húsnæði sem henti sem skrifstofur eða smásöluverslanir falli undir þennan markað. Fasteignir á hafnarsvæðum, birgðastöðvar, land undir birgðarými, sérhæft lagerhúsnæði (vöruheymslur) og sérhæft iðnaðarhúsnæði fellur þá ekki undir þennan markað. Fyrir smásölufyrirtæki er engin staðkvæmd á milli verslunar- og skrifstofuhúsnæði og sérhæfðs iðnaðarhúsnæðis. Fyrir smásala á borð við Festi skiptir miklu máli að staðsetningar sé hentugar, liggi vel við samgöngum og að aðkoma og útlit séu aðlaðandi. Fasteignir til iðnaðarnota eða geymslur þurfa ekki að uppfylla sömu kröfur að þessu leyti.

Rétt er að taka það fram að líkt og áður greinir hefur N1 leigt hluta af þjónustustöðvum sínum til veitingastaða á borð við Subway sem reka þar afgreiðslur í sama rými og sala á vörum N1 fer fram. Að mati N1 er ekki um að ræða sjálfstæða starfsemi á markaðnum fyrir útleigu á atvinnuhúsnæði þar sem fyrst og fremst er um að ræða viðleitni til þess að efla þjónustustöðvar N1 og efla þar með rekstur N1.

#### **7. Vöruhúsaþjónusta**

Svo sem búast má við þurfa verslanir Festi ýmis konar stoðþjónustu. Þar á meðal er vöruhúsaþjónusta, þróun á viðskiptatengdum hugbúnaði og vefkerfum og hönnun á auglýsingaefni svo nokkuð sé nefnt. Er þessi þjónusta að einhverju leyti veitt af sjálfstæðum félögum í eigu Festi en hún er einnig aðkeypt. Að mati samrunaaðila er það ekki svo að um sé að ræða sjálfstæða vörumarkaði heldur fyrst og fremst óhjákvæmilegan hluta af starfsemi Festi.

Bakkinn veitir smásöluverslunum Festi vöruhúsaþjónustu. Rekur Bakkinn stór vöruhús í Skarvagörðum hvaðan vörum er dreift til verslana Krónunnar, Kjarvals og Elko. Einnig er vörum dreift fyrir vefverslun Elko beint frá Bakkannum ásamt því sem Bakkinn veitir Byko vöruhúsaþjónustu hvað varðar tiltekna smávörur. Í grundvallaratriðum má segja að um sé að ræða hefðbundna vöruhúsa og dreifingarþjónustu sem nauðsynleg er öllum smásölum. Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 7/2014 var fjallað um þann möguleika að vöruhús á borð

við Bakkann kynni að starfa á sérstökum vöruhúsamarkaði. Þjónustar Bakkinn Byko fyrst og fremst af sögulegum ástæðum. Hefði það fyrirkomulag ekki komist á hefðu félögin ekki tilheyrt sömu samstæðunni um skeið.

Ber að nefna að á heimasíðu Bakkans segir að félagið veiti vöruhúsþjónustu og hefur Bakkinn tekið að sér tilfallandi verkefni fyrir þriðja aðila. Ekki hefur verið um að ræða verkefni sem Bakkinn hefur sóst eftir en félagið fær af og til fyrirspurnir um hvort það geti tekið að sér geymslu á vörum til skemmri tíma. Heildarvelta félagsins í viðskiptum til þriðja aðila (fyrir utan Byko) er um [...]⁴. Þá skal það tekið fram að nýting á vöruhúsi Bakkans er það há að félagið gæti ekki tekið við fleiri viðskiptavinum. Er félagið þrátt fyrir það að öðru leyti í stakk búinn til þess að selja þjónustu til þriðja aðila en hefur ekki nálgast aðra á kerfisbundinn hátt eða starfrækt söluveild.

Með svipuðum hætti hefur N1 veitt Bílanausti ákveðna vöruhúsþjónustu. Er sú þjónusta veitt Bílanausti af sögulegum ástæðum einungis. N1 hefur aldrei ætlað sér að reka vöruhús fyrir þriðja aðila. Vöruhús N1 er að Klettagörðum 13 þar sem einnig er að finna fyrirtækjaverslun með ýmis konar rekstrar- og efnavörur. Var húsnæðið nýlega keypt til baka eftir að hafa verið selt til fasteignafélagsins FAST-2 á árinu 2012. Með sölnunni aflaði N1 sé aukins lausafjár en í samningnum var ákvæði um að N1 væri heimilt að kaupa fasteignina til baka að tilteknum tíma liðnum. Var það metið hagstætt af N1 að gera það og eignin því keypt til baka.

Fjallað var um sölu N1 á Bílanausti í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 18/2013. Það kemur ekki fram í ákvörðuninni sjálfri en samningurinn um áframhaldandi vöruhúsþjónustu var liður í viðskiptunum. Hefur N1 engin áform um að bjóða öðrum þjónustu á þessu sviði.

Því má halda fram að til sé markaður fyrir sérhæfða vöruhúsþjónustu. Í ákvörðunum Samkeppniseftirlitsins hefur verið látið að því liggja að svo sé eða að minnsta kosti að öflug vöruhús geti stutt við aðra þjónustu fyrirtækja. Að mati samrunaaðila verður varla litið svo á sem þeir séu í mikilli starfsemi á vöruhúsamarkaði. Hins vegar hefur Festi boðið ákveðna þjónustu til þriðju aðila. Má því færa rök fyrir því að hér sé sjálfstæður markaður þar sem samrunaaðilar eru fyrst og fremst mögulegur keppinautur enda er velta þeirra á þessu sviði mjög lág og hafa þeir ekki gert reka að því að afla sér frekari viðskipta.

#### *8. Viðskiptaþróun*

Félagið Festi þróun annast þróun á ýmis konar hugbúnaði og lausnum fyrir samstæðu Festi. Ýmiskonar tækni og hugbúnaðarlausnir hafa verið að ryðja sér til rúms í smásöluverslun allsstaðar í heiminum á undanförunum árum. Er eðlilegt að líta svo á sem hér sé um stoðþjónustu við aðra hluta Festi að ræða en ekki sjálfstæðan vörumarkað í skilningi samkeppnislaga.

### **6.3. Landfræðilegur markaður**

Með landfræðilegum markaði er átt við svæði þar sem hlutaðeigandi fyrirtæki eiga viðskipti með viðkomandi vöru eða þjónustu og þar sem samkeppnisskilyrði eru hin sömu eða nægilega svipuð og unnt er að greina svæðið frá nærliggjandi svæðum sem búa að verulegu leyti við

---

<sup>4</sup> Trúnaðarmál

önnur samkeppnisskilyrði. Í kafla 7 í viðauka við reglur Samkeppniseftirlitsins nr. 684/2008 um tilkynningu samruna segir m.a. svo:

„Meðal þátta sem skipta máli við mat á viðkomandi landfræðilegum markaði eru eðli og einkenni viðkomandi vöru eða þjónustu, hugsanlegar aðgangshindranir eða neytendavenjur, greinilegur munur á markaðshlutdeild fyrirtækja á þessu svæði og aðliggjandi svæðum eða verulegur verðmunur.“

Þau fyrirtæki sem hér eru til umfjöllunar eru íslensk smásölufyrirtæki sem selja fyrst og fremst vörur á Íslandi. Hér verður því almennt gert ráð fyrir að félögin starfi á markaði sem nái til landsins alls nema ástæða sé til annars.

#### 1. Dagvörumarkaður

Svo sem fram kom í tilvitnuðum texta úr ákvörðun nr. 21/2016 hér á undan hefur Samkeppniseftirlitið álitid landfræðilegan markað á sviði dagvöruverslunar vera staðbundinn. Hefur verið miðað við að verslanir í u.þ.b. 20 mínútna akstursfjarlægð séu í samkeppni hver við aðra.

Í skýrslu nr. 1/2015 er byggt á sömu eða svipaðri skilgreiningu á landfræðilegum markað. Hins vegar er markaðshlutdeild áætluð annars vegar fyrir landið allt en hins vegar fyrir nokkur svæði. Eru svæðin mörg hver stærri en svo að allar matvöruverslanir innan þeirra séu í 20 mínútna akstursfjarlægð. Er tekið fram að höfuðborgarsvæðið hafi almennt verið álitid eitt markaðssvæði í þessu tilliti.

Miðar Samkeppniseftirlitið í ákvörðun nr. 28/2017 við landið allt þegar tekin er saman markaðshlutdeild frekar en einstök sveitarfélög. Þó er tilgreind sérstaklega markaðshlutdeild félaga á höfuðborgarsvæðinu. Er starfsemi Festi umsvifamest á höfuðborgarsvæðinu en einnig rekur félagið verslanir á Suðurlandi undir merkjum Kjarvals svo og Krónuverslanir á Reyðarfirði, í Reykjanesbæ, í Vestmannaeyjum og á Selfossi.

Með hliðsjón af fyrirliggjandi fordæmum kæmi til greina að líta svo á sem félagið Krónan sé viðriðin rekstur dagvöruverslana á eftirtöldum landfræðilegum mörkuðum:

- á höfuðborgarsvæðinu,
- á Akranesi (sem er hvorki langt frá Borgarnesi né höfuðborgarsvæðinu)
- á Reykjanesi,
- á Suðurlandi,
- í Fjarðarbyggð,
- í Vestmannaeyjum og
- á Suðausturlandi.

Selur Festi ekki á fleiri svæðum á Íslandi og því óþarfi að skilgreina fleiri landfræðilega markaði. Færa má fyrir því rök að markaðir í smærri byggðalögum og dreifbýli eigi almennt að vera stærri en markaðir á höfuðborgarsvæðinu enda oftast ekki óhjákvæmilegt á dreifbýlum svæðum að aka eftir þjónustu.

#### 2. Sala á vörum á eldsneytisafgreiðslum



Í viðauka A.1 við frummatsskýrslu Samkeppniseftirlitsins um eldsneytismarkaðinn segir svo í inngangskafli um landfræðilegan markað:

„Ef horft er til afmörkunar erlendra samkeppnisyrvalda á landfræðilegum mörkuðum þá hafa þýsk samkeppnisyrvöld skilgreint m.a. í samrunamálunum Shell/HPV“, og „Total/OMV“ að eldsneytisstöðvar í dreifbýli sem eru í 60 mínútna akstursfjarlægð, eða minna, frá viðkomandi eldsneytisstöð veiti henni samkeppnislegt aðhald og í þéttbýli sé samsvarandi akstursfjarlægð um 30 mínútur.“

Vegna markaðsrannsóknarinnar var af hálfu Samkeppniseftirlitsins aflað gagna um landfræðilega markaði sérstaklega og þau tekin til umræðu í skýrslunni. Var bent á ýmis vandkvæði sem kynnu að vera á því að meta landfræðilegan markað en klykkt út með því að hver eldsneytisstöð hefði markaðsstyrk í allt að sex mínútna akstri frá stöðinni. Í kafla 3.6.2.1. í frummatsskýrslunni segir svo:

„Með hliðsjón af framangreindu er það mat Samkeppniseftirlitsins að landfræðilegir markaðir vegna sölu eldsneytis á eldsneytisstöðvum séu afmarkaðir en Ísland heilt og óskipt. Til þess að afmarka þá í rannsókninni er miðað við það svæði í kringum hverja eldsneytisstöð þar sem talið er að hún geti veitt keppinautum samkeppnislegt aðhald. Að sama skapi er metið hvar um getur verið að ræða verðsamfelluáhrif (e. knock-on pricing effects) og hvar ekki. Þar að auki er einnig tekið tillit til annarra staðbundinna skilyrða, s.s. hvernig vegir eru innan bæjanna, hvort vegir til nágrannabæja séu opnir árið um kring, hversu samhverf markaðshlutdeild er á milli markaða og svo framvegis.“

Afstaða Samkeppniseftirlitsins virðist því vera sú að eldsneytisstöðvar starfi á mjög staðbundnum mörkuðum sem þó geti haft áhrif hver á annan. Að mati samrunaaðilar gætir samkeppnislegs aðhalds á milli eldsneytisstöðva þó að lengra sé á milli þeirra en Samkeppniseftirlitið áætla.

Hvað varðar sérstaklega flugvélaeldsneyti þá mætti hugsanlega líta svo á sem þar séu tveir markaðir, annar fyrir utanlandsflug á Keflavíkurflugvelli og hinn fyrir innanlandsflug á Reykjavíkurflugvelli. Í grundvallaratriðum er notað sama eldsneytið og flutningur á milli staðanna einfaldur. Vegna eignarhalds Skeljungs á afgreiðslutanki á Reykjavíkurflugvelli og tregðu félagsins til þess að þjónusta aðra er þó erfitt að líta svo á sem um einn landfræðilegan markað sé að ræða. Almennt eru flugvélar í innanlandsflugi fylltar með nægu bensíni í Reykjavík til þess að fara fram og til baka þannig að ekki er mikið um afgreiðslur á öðrum flugvöllum. Það eru litlir eldsneytistankar á nokkrum flugvöllum.

Selja má til skipa ýmist í gegnum tanka á hafnarkanti eða með áfyllingu í gegnum bíla. Tíðkast hvort tveggja. Skip geta í sjálfu sér náð í vistir, eldsneyti og veiðarfæri í hvaða höfn sem er. Það er ekki óalgengt að útgerðir geri samninga við oliufélög og geri kröfu um að eldsneyti sé afhent í tiltekinni höfn sem gjarnan er sú sama og landað er í.

Má því segja að til séu smásölumarkaðir fyrir sölu á eldsneyti sem skiptist í nokkra landfræðilega afmarkaði markaði sem afmarkaðir verða nánar hér á eftir, sala til skipa sé á

landsmarkaði en sala til flugvéla á tveimur landfræðilegum mörkuðum; öðrum í Keflavík en hinn í Reykjavík.

Að mati N1 standa ekki rök til þess líta öðrum augum á aðra undirmarkaði markaðarins fyrir sölu á vörum á eldneytisafgreiðslum.

### *3. Raftæki*

Sala á raftækjum fer fram í gegnum verslanir og á netinu. Er auðvelt að kanna raftæki á netinu á hinum ýmsu heimasíðum, bæði hérlendis og erlendis. Þegar um er að ræða dýrari raftæki er ekki óalgengt að neytendur kanni markaðinn vel, skoði í búðir og leyti svo á netinu eftir hagstæðasta verðinu.

Hefur Elko selt mjög mikið af vörum í gegnum netið og er nú svo komið að netsalan jafnast á við sumar af verslunum félagsins. Hefur Elko ekkert sérstakt forskot á erlendar vefverslanir nema ef vera skyldi stuttan sendingartími og tungumál vefsíðunnar. Að öðru leyti er almennt hægt að panta vörur erlendis frá.

Færa má sterk rök fyrir því að landfræðilegur markaður sá sem Elko starfar á nái út fyrir landsteinana. Hins vegar hefur Elko aðallega beint sjónum sínum að íslenska markaðnum og markaðssett sig hér á landi. Þá eru stærri raftæki sennilega fyrst og fremst keypt innanlands. Verður því miðað við hér á eftir að um sé að ræða landsmarkað en hafa ber í huga að mikillar alþjóðlegrar samkeppni gætir.

### *4. Smásala á íþróttafatnaði og auglýsingar*

Svo sem fram hefur komið hafa orðið breytingar í þessari starfsemi og óþarfi að fjalla um hana hér.

### *5. Rekstrarvörur*

N1 flytur inn og selur ýmis konar rekstrarvöru fyrir bifreiðar í sérverslunum, t.d. í Klettagörðum í Reykjavík. Eru vörunar ætlaðar stórnotendum á borð við útgerðir og iðnfyrirtæki. Einnig er veitt þjónusta við bændur og annars konar atvinnurekstur. Þær vörur sem hér er um að ræða eru margvíslegar smurolíur; efnavörur á borð við frostlög, hreinsi- og leysiefni, þynnar, iðnaðarhreinsar, ýmis íblöndunarefni og fleira; hjólbarðar; vinnufatnaður á borð við hanska, öryggisskór, regnfatnaðar og fleira; rekstrarvörur á borð við plastpoka, tuskur, hnífa, merkipenna og músagildirur; hreinsiefni fyrir matvælaíðnað og bílahlutir á borð við rafgeyma, perur og rúðupurrkur.

Viðskiptavinirnir eru margvísleg fyrirtæki um allt landi. Þessar vörur er ekki allar af sama tagi og eru viðskiptavinirnir í margvíslegri starfsemi. Framangreind þjónusta er veitt af N1 um land allt og á í samkeppni við ýmsa söluaðila á sambærilegum rekstrarvörum. Telur N1 því ekki rök standa til annars en að líta svo á sem um sé að ræða markaði sem nær yfir allt Ísland.

### *6. Útleiga á atvinnuhúsnæði*

Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 32/2013, var hinn landfræðilegi markaður greindur niður í einstök sveitarfélög, og eftir atvikum, eitt eða fleiri sveitarfélög sem mynduðu eitt atvinnu- og búsetusvæði. Í ákvörðun nr. 10/2015 segir Samkeppniseftirlitið að eignir yfirtekinna félaga þess máls séu að verulegu leyti staðsettar á svokölluðum jaðarsvæðum höfuðborgarsvæðisins þar sem ítök stóru fasteignafélaganna séu minni en á eftirsóttari stöðum á

höfuðborgarsvæðinu. Virðist Samkeppniseftirlitið þarna gefa til kynna að hinn landfræðilegi markaður kunni að mati stofnunarinnar að vera minni en höfuðborgarsvæðið. Almennt hefur landfræðilegi markaðurinn verið afmarkaður við „höfuðborgarsvæðið“ sem eitt svæði í ákvörðunum Samkeppniseftirlitsins. Hafa samrunar á þessu sviði aðallega varðað húsnæði á höfuðborgarsvæðinu.

Samrunaaðilar telja ekki ástæðu til þess að skipta höfuðborgarsvæðinu upp í nánar afmörkuð svæði. Samrunaaðilar telja að staðgangi sé á milli atvinnuhúsnæðis á öllu höfuðborgarsvæðinu. Flestar eignir Festi eru í Reykjavík og nágrenni fyrir utan fasteignir á Akureyri, Suðurlandi, Reykjanesi og Reyðarfirði. Má segja að hvert og eitt þessara svæða myndi sérstakan landfræðilegan markað fyrir útleigu á fasteignum.

Gætir áhrifa samrunans í aðalatriðum, í samræmi við ofangreint, á sömu landfræðilegu mörkuðum og Festi rekur smásöluverslunar, þ.e. á höfuðborgarsvæðinu, á Suðurlandi, á Reyðarfirði og á Reykjanesi. Á sumum þessara markaða leigir Festi viðkomandi fasteignir til smásöluverslana félagsins.

#### 7. Vöruhúsaþjónusta

Að mati samrunaaðila standa ekki rök til annars en að líta svo á sem markaðurinn fyrir vöruhúsaþjónustu ná til alls Íslands enda er vörum almennt dreift úr vöruhúsum um land allt. Almennt eru stærri vöruhús á höfuðborgarsvæðinu og vörum dreift þaðan um land allt. Skiptir nálægð við samgöngukerfi ekki hvað síst máli.

#### 6.4. Markaðir þar sem áhrifa gætir

Samkvæmt 3. tl. VII kafla viðauka I við samrunareglur samkeppniseftirlitsins er hugtakið markaður þar sem áhrifa gætir skilgreint sem markaður þar sem:

„a) [...] tvö eða fleiri fyrirtæki sem að samruna standa stunda viðskipti á sama vörumarkaði,

b) [eða] ef eitt eða fleiri fyrirtæki sem að samruna standa stunda viðskipti á vörumarkaði, sem er á fyrra eða seinna sölustigi miðað við markað þar sem annar aðili samrunans stundar viðskipti“

Markaðir málsins hafa verið skilgreindir ítarlega hér að framan. Í engu tilviki háttar þannig til að aðilar stundi starfsemi á sama vörumarkaði. Að sama skapi á það í meginatriðum ekki við í máli þessu samrunaaðilar stundi viðskipti á vörumarkaðir sem er á fyrra eða seinna sölustigi miðað við markað þar sem annar aðili samrunans stundar viðskipti. Með öðrum orðum er í aðalatriðum að ræða svokallaðan samsteypu samruna (e. conglomerate).

Eini markaðurinn þar sem segja mætti að aðilar starfi á sitt hvoru sölustigi væri markaðurinn fyrir útleigu á atvinnuhúsnæði en fasteignafélög í eigu Festi reka atvinnuhúsnæði sem leigt er til smásala. Slíkt húsnæði og/eða lóðir gætu einnig verið leigðar til smásölu á eldsneyti. Þeir lóðréttu markaðir sem með þessu tengjast væru þá:

- Markaðurinn fyrir sölu á vörum á eldsneytisstöðvum
- Markaðurinn fyrir útleigu á atvinnuhúsnæði,
- Markaðurinn fyrir sölu á dagvöru í dagvöruverslunum

- Markaðurinn fyrir sölu á rekstrarvöru og
- Markaðurinn fyrir smásölu á raftækjum.

sem allir tengjast markaðnum fyrir útleigu á atvinnuhúsnæði. Ekki verður litið á markaðina fyrir sölu á eldsneyti til útgerða, flugfélaga eða annarra stórnotenda sem markaði þar sem áhrifa samrunans gætir enda eru ekki sömu tengsl á milli þeirra og framangreindra markaða. Er starfsemi fasteignafélaga Festi á sömu eða sambærilegum landfræðilegum mörkuðum og önnur starfsemi félagsins. Teljast aðeins þeir landfræðilegu markaðir þar sem slíkt tengsl eru fyrir hendi til markaða þar sem áhrifa gætir. Nánar verður vikið að aðstæðum á framangreindum mörkuðum og líklegri markaðshlutdeild hér á eftir. Þar sem báðir samrunaaðila selja vöruhúsaþjónustu geta þeir talist að minnsta kosti mögulegir keppinautar á þeim markaði. Mætti því líta á markaðinn sem markað þar sem áhrifa samrunans gætir.

#### 6.5 Markaðir skyldir þeim mörkuðum þar sem áhrifa gætir

Samkvæmt reglum nr. 684/2008 skal fjalla sérstaklega um markaðir sem áhrifa gætir. Nánar til tekið segir svo í 4. tl. VII kafla viðauka I við reglurnar:

„Lýsið viðkomandi vöru- eða þjónustumörkuðum og landfræðilegum mörkuðum, þar sem eitt eða fleiri samrunafyrirtækja stunda viðskipti á mörkuðum sem samruninn snertir og eru skyldir markaði (mörkuðum) þar sem áhrifa gætir (markaðir á fyrra eða seinna sölustigi eða nærliggjandi markaðir á sama sölustigi), en teljast þó ekki markaðir þar sem áhrifa gætir í skilningi 3. þáttar.“

Hér á undan hefur verið litið svo á að þeir markaðir sem félögin starfi á séu tengdir vegna mögulegra lóðrétttra tengsla á milli þeirra vegna útleigu Festi á atvinnuhúsnæði. Af því leiðir að markaðurinn fyrir sölu á flugvélaeldsneyti og markaðurinn fyrir sölu á eldsneyti til útgerða eru markaðir skyldir mörkuðum fyrir smásölu á eldsneyti og falla þeir þar með hér undir.

Þá gætir áhrifa samrunans ekki á mörkuðum sem eru utan landfræðilegra markaða fasteignafélaga Festi. Þar er þó um að ræða markaði sem eru skyldir þeim mörkuðum þar sem áhrifa gætir.

Hefur verið fjallað um þessa markaði með almennum hætti hér á undan. Hefur Samkeppniseftirlitið fjallað ítarlega um smásölumarkaði fyrir sölu á eldsneyti í frummatsskýrslu sinni. Var þar meðal annars lagt mat á hugsanlega markaðshlutdeild olíufélaga eftir sveitarfélögum eða landshlutum. Er matið frá 2012 en ætla má að ekki hafa orðið neinar kollsteypur síðan.

Er ekki grundvallarmunur á eðli starfsemi N1 eftir landshlutum en eðli málsins samkvæmt fellur til meiri kostnaður við dreifingu á eldsneyti á strjálbýlli svæðum. Eins er eftirspurn minni þar sem færri búa þannig að haga þarf rekstrinum með öðrum hætti. Hér er þó ekki um eðlismun að ræða þannig að það sem hér er sagt um smásölumarkaðinn á teknu tillit til þess við.

Hvað varðar sérstaklega markaðinn fyrir sölu á eldsneyti til flugvéla skal það tekið fram að á Keflavíkurflugvelli starfa tvö félög við eldsneytisafgreiðslu og birgðahald; EAK og EBK. Hefur Samkeppniseftirlitið lagt skilyrði á EAK sem fela í sér að félaginu sé skylt að þjónusta þá sem eftir því leita. Hafa aðilar gert með sér svokallað Tarbox samkomulag að erlendra fyrirmynd og

tekur fyrirkomulagið allt í grundvallaratriðum mið af því sem tíðast er í heiminum. Ætti hver sem er að geta boðið í viðskipti við flugfélög á flugvellinum.

Öðruvísi háttar til á Reykjavíkurlugvelli þar sem Skeljungur á alla varanlega aðstöðu og hefur boðið öðrum þjónustu á verðum sem gera það að verkum að erfitt er að keppa við Skeljung. Hefur Skeljungur því verið í mun betri stöðu en aðrir á Reykjavíkurlugvelli.

Skip og aðrir fyrirtækjaviðskiptavinir N1 vilja fá eldsneyti afgreitt á tilteknum stöðum. Kallar það í einhverjum tilvikum á að færanlegum tönkum sé komið fyrir sem dæla má ef eftir hentugleika. Almennt ertu útgerðir mjög kröfuharðar og ætlast til þess að geta fengið eldsneyti á réttum tíma. Hafa olúfélög því komið sér upp aðstöðu við hafnir.

#### **6.6. Markaðir þar sem áhrifa gætir ekki**

Hefur hér verið rakið á hvaða mörkuðum áhrifa gætir og hvaða markaðir eru þeim tengdir. Hafa aðilar ekki starfsemi á öðrum mörkuðum en þeim sem hér hefur verið fjallað um.

Tekið skal fram að í grundvallaratriðum er um samsteypusamruna að ræða þar sem þeir markaðir sem félögin starfa á eru í meginatriðum ólíkir. Það eru einungis möguleg lóðrétt tengsl á milli atvinnuhúsnæðis sem leigt er af Festi við smásölu sem leiða til þess að líta megi svo á sem tengsl séu á milli markaðanna. Þau tengsl eru þó í reynd óveruleg enda er starfsemi Festi í útleigu á atvinnuhúsnæði ekki mjög umfangsmikil. Standa rök til þess að eðlilegast sé að líta svo á sem um sé að ræða markaði þar sem áhrifa gætir ekki.

Þá varðar samruninn ekki sérstaklega markaðinn fyrir verkstæðisþjónustu við ökutæki. Fjölmargir aðilar bjóða margvíslega minni þjónustu við ökutæki svo sem hjólbarða- og peruskripti, smurningu og fleira. Almennt er markaðshlutdeild N1 líklega til þess að gera lág á markaðnum. Miðað við ákvörðun nr. 8/20007 Kaup Bílanausts hf. á Bæjardekki ehf., Dekki.is ehf. og Hjólbarðaverkstæðinu Dekkinu ehf. kynni Samkeppniseftirlitið að vilja skipta þessum markaði upp eftir því hvers konar þjónusta er veitt.

Í grundvallaratriðum eiga sömu sjónarmið við um verkstæði og þjónustu þeirra almennt. Svo sem fram kemur síðar í samrunaskrá þessari hefur N1 töluverðar tekjur af sölu á hjólbörðum og þjónustu þeim tengdum. Væri markaðnum fyrir einfalda verkstæðisþjónustu skipt upp í markað fyrir smurning og smurolíu, markað fyrir hjólbarða og umfelgun og markað fyrir smáviðgerðir yrði hlutdelid N1 sennilega hæst á markaðnum fyrir hjólbarða og þjónustu þeim tengdum. Kemur það betur fram hér á eftir þar sem gerð er grein fyrir skiptingu tekna N1.

Almennt er einfalt að stofna verkstæði sem sést ekki hvað síst á fjölda þeirra. Er ekki óalgengt að hvert verkstæði sé rekið sjálfstætt frekar en sem hluti af stærri keðju. Er mögulegt að þessi markaður sé landshlutabundinn enda gæti það verið óhagkvæmt að sækja þjónustu af þessu tagi um langan veg.

## **Kafli 7 – Nánar um markaði þá sem samrunaaðilar starfa á**

### **7.1. Almennt**

Svo sem fram hefur komið starfa aðilar á fimm vörumörkuðum þar sem áhrifa samrunans gæti í skilningi reglna nr. 684/2008 og mismörgum landfræðilegum mörkuðum. Hér á eftir verður fjallað með almennum hætti um aðstæður á þeim mörkuðum. Verður fjallað um markaðina undir sömu kaflaheitum og áður og umfjöllun um einstaka landfræðilega markaði felld saman í einn kafla.

#### 1. Sala á dagvöru í dagvöruverslunum

Samkvæmt árbók verslunarinnar sem útgefin er af Rannsóknarsetri verslunarinnar var velta í flokknum dagvara og stórmarkaðir 208 milljarðar á árinu 2015, 197 milljarðar á árinu 2014 en 193 milljarðar á árinu 2013.

Samkeppniseftirlitið tók ákvörðun 28/2017 *Samruni Haga hf. og Lyfju hf.* þann 17. júlí 2017. Þar er tíunduð markaðshlutdeild helstu aðila í smásöluverslun á Íslandi og á höfuðborgarsvæðinu. Um er að ræða til þess að gera nýja ákvörðun og því líklegt að tölurnar endurspegli markaðshlutdeild eins og hún er nú. Eðli málsins samkvæmt hafa samrunaaðilar ekki nákvæmar upplýsingar um veltu einstakra verslana keppinauta sinna og því erfitt að meta markaðshlutdeild á einstökum landfræðilegum mörkuðum.

Telja samrunaaðilar ekki ástæðu til annars en að miða við þær tölur sem þar er að finna að því leyti sem þær eiga við markaði málsins. Hafa samrunaaðilar ekki nákvæmar tölur fyrir fyrri tímabil en ætla má að markaðshlutdeildin hafi verið áþekk því sem hér kemur fram nema annað sé tilgreint.

Þegar litið er til markaðshlutdeildar fyrir landið allt er hún áætluð svo:

| Félag                  | Hlutdeild 2016 og 2015 |
|------------------------|------------------------|
| Hagar                  | 45-50%                 |
| Krónan                 | 15-20%                 |
| Samkaup                | 15-20%                 |
| 1011/Iceland           | 5-10%                  |
| Fjarðakaup             | 0-5%                   |
| Kaupfélag Skagfirðinga | 0-5%                   |
| Melabúðin              | 0-5%                   |
| Kostur                 | 0-5%                   |
| Aðrir                  | 0-5%                   |

Í framangreindri ákvörðun var staðan álitin svo á höfuðborgarsvæðinu:

| Félag        | Hlutdeild 2016 og 2015 |
|--------------|------------------------|
| Hagar        | 50-55%                 |
| Krónan       | 20-25%                 |
| Samkaup      | 5-10%                  |
| 1011/Iceland | 5-10%                  |
| Fjarðakaup   | 0-5%                   |
| Víðir        | 0-5%                   |
| Melabúðin    | 0-5%                   |
| Kostur       | 0-5%                   |

Ekki er fjallað um markaðshlutdeild á þeim landfræðilegu mörkuðum sem hér hafa verið teknir til skoðunar í framangreindri ákvörðun. Mætti mögulega líta til landshlutaskiptrar hlutdeildar í skýrslu Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2015 til þess að fá nánari vísbendingu um markaðshlutdeildina. Þar er markaðshlutdeild Krónunnar á Vesturlandi metin 37-38% eða ögn meiri en Haga. Á Akranesi eru verslanir Einars Ólafssonar og Samkaupa sem hafa samanlagt um 30% hlutdeild. Í Borgarnesi sem er ekki langt frá áleit Samkeppniseftirlitið að Hagar og Samkaup skiptu nokkuð jafnt með sér markaðnum. Standa rök til þess að skoða þess sveitarfélög saman vegna nálægðar þeirra við hvort annað.

Á Austurlandi var Krónan álitin njóta 19-20% markaðshlutdeildar í skýrslu nr. 1/2015. Væri félagið því helmingi minna en Hagar og Samkaup sem hvort fyrir sig hefðu tæplegu 40% markaðshlutdeild.

Samkeppniseftirlitið skipti Suðurlandi í tvennt í skýrslunni. Á Suðausturlandi var Krónan talin hafa um 30% hlutdeild á móti Samkaupum en á Suðurlandi var markaðshlutdeildin að öðru leyti áætluð svo:

| Félag         | Hlutdeild 2014 |
|---------------|----------------|
| Hagar         | 49-50%         |
| Krónan        | 26-27%         |
| Kjarval       | 11-12%         |
| Samkaup Úrval | 6-7%           |
| Samkaup Strax | 5-6%           |

Krónan opnaði nýja verslun í Reykjanesbæ 30. október 2015. Fyrir voru Hagar, Samkaup, 10-11 og Góður kostur á markaðnum. Tvær fyrstnefndu keðjurnar nutu áberandi hærrí markaðshlutdeildar en aðrir samkvæmt skýrslunni. Telja samrunaaðilar að Krónan hafi unnið á en afar ólíklegt er að þessi nýopnaða verslun í Reykjanesbæ hafi náð mjög hárrí markaðshlutdeild enn sem komið er. Telja samrunaaðilar ekki forsendur til þess að meta af nákvæmni markaðshlutdeild verslunarinnar í Reykjanesbæ vegna þess hversu stutt er síðan hún opnaði.

Í umræddri skýrslu nr. 1/2015 var Kaupás talinn njóta 77-78% hlutdeildar í Vestmannaeyjum. Var þá engin Bónusverslun í Vestmannaeyjum. Opnuðu Hagar Bónusverslun í Vestmannaeyjum 6. febrúar 2016. Eru allar líkur á því að hlutdeild Krónunnar hafi lækkað síðan en engin Kjarvalsverslun er nú starfrækt í eyjunum. Vegna þess hversu stutt er síðan verslun Bónus opnaði telja samrunaaðilar erfitt að áætla af nákvæmni markaðshlutdeild dagvöruverslana í Vestmannaeyjum.

Að mati samrunaaðila er markaðshlutdeild Festi varla ofmetin í framangreindum tölum. Er hlutdeild verslana Festi almennt lægri en 30% á öllum landfræðilegum mörkuðum og því afar ólíklegt að félagið verði álitid markaðsráðandi á nokkrum landfræðilegum markaði. Markaðshlutdeild Krónunnar er hæst í Vestmannaeyjum miðað við þær tölur sem hér hafa verið raktar en líkt og fram hefur komið eru allar líkur á því að sú hlutdeild hafi lækkað þar sem Krónan hefur nú fengið samkeppni við Bónus sem er hluti af samsteypu Haga. Allar líkur eru á

Því líkt og Samkeppniseftirlitið slær föstu í ákvörðun nr. 28/2017 að Hagar séu í markaðsráðandi stöðu í sölu á dagvöru í dagvöruverslunum um land allt.

Að mati samrunaaðila hefur verið erfitt fyrir nýja aðila að komast inn á markaðinn þó að nokkur hreyfing hafi komist á hann í kjölfar efnahagsþrenginganna sem hófust 2008. Virðist sem enn sé hreyfing á markaðnum. Tekið skal fram að almennt eru breytingar í markaðshlutdeild hægð og því ástæðalaust að leggja nákvæmt mat á markaðshlutdeildina fyrir nokkur ár enda má yfirleitt áætla að hlutdeildin sé áþekk á milli ára.

## 2. Sala á vörum á eldsneytisstöðvum

Samkeppniseftirlitið lagði mat á markaðshlutdeild helstu söluaðila á eldsneyti vegna markaðsrannsóknar stofnunarinnar. Var jafnframt lagt mat á aðstæður á markaði. Hefur N1 skilað sjónarmiðum sínum varðandi frummatsskýrsluna og bent á ýmislegt sem betur hefði mátt fara eða ekki var eins rétt og ætla hefði mátt. Eru þau sjónarmið öll ítrekuð. Umrædd skýrsla er nýjasta heimildin um afstöðu Samkeppniseftirlitsins til markaðarins og að vissu leyti skásta nálgunin sem fyrir hendi er á markaðshlutdeild helstu félaga á markaðnum. Sú markaðshlutdeild sem Samkeppniseftirlitið tók saman vegna skýrslunnar nær aðeins til ársins 2012. Liggur því ekki fyrir nýlegra mat stofnunarinnar á markaðshlutdeildinni.

Heildarsala á olíu hér á landi hefur á síðustu árum verið um 800 þúsund tonn á ári. Tölur úr virðisaukaskattskýrslum Hagstofunnar um sölu á bensínstöðvum (flokkur 47.3) virðast ekki endurspegla vel veltu á bensínstöðvum hér á landi. Tölurnar byggja á virðisaukaskattskýrslum og ná því aðeins til skattskyldrar veltu og veltu sem er undanþegin skv. 12. gr. laga um virðisaukaskatt (50/1988), þ.e. útflutningur á virðisaukaskattskyldri vöru og þjónustu. Hafa samrunaaðilar ekki betri upplýsingar um sölu á eldsneytisstöðvum. Í floknum 46.71 heildsala með fast, fljótandi og loftkennd eldsneyti og skyldar vörur er veltan hins vegar 110.168 milljónir 2016, 119.383 milljónir 2015 og 136.876 milljónir 2014. Telst síðarnefndi flokkurinn ekki með þeim fyrrnefnda samkvæmt ÍSAT 2008 atvinnugreinaflokkun.<sup>5</sup> Samrunaaðilar hafa í sjálfa sér enga leið til þess að meta heildarsölu á eldsneytisstöðvum á Íslandi skipt eftir vörflokkum. Frá því að frummatsskýrsla Samkeppniseftirlitsins um markaðsrannsókn stofnunarinnar á eldsneytismarkaðnum var gefin út hefur dregið til tíðinda á íslenskum eldsneytismarkaði, nú síðast hóf verslunin Costco rekstur hér á landi en verslunin selur meðal annars eldsneyti. Hefur álagning Costco á eldsneyti virst vera lág. Má ætla að ýmsir hafi beint viðskiptum sínum til félagsins og það jafnvel náð til sín allnokkurri markaðshlutdeild á sínu starfsvæði. Þannig hafa m.a. birst fréttir í íslenskum fjölmiðlum um að hugsanleg markaðshlutdeild félagsins á höfuðborgarsvæðinu sé 15%.<sup>6</sup> Þó að gera verði fyrirvara við fréttir af þessu tagi verður ekki framhjá því litið að verslunin virðist hafa farið vel af stað.

Þess fyrir utan hafa Hagar tilkynnt að félagið hafi í hyggju að kaupa Olís. Þar með kæmist á samstarf á milli allnokkurra dagvöruverslana og eldsneytissala. Gæti það haft umtalsverð áhrif á markaðinn komi sá samruni til framkvæmda. Þar sem Hagar eru markaðsráðandi á

<sup>5</sup> Flokkunin er aðgengilegur á vefsíðunni [www.hagstofa.is/media/49171/isat2008.pdf](http://www.hagstofa.is/media/49171/isat2008.pdf)

<sup>6</sup> Vísað er til fréttar á vef Morgunblaðsins sem birtist 4. ágúst 2017. Slóðin er: [http://www.mbl.is/frettir/innlent/2017/08/04/selur\\_sjotta\\_hvern\\_bensindropa/](http://www.mbl.is/frettir/innlent/2017/08/04/selur_sjotta_hvern_bensindropa/)



dagvörumarkaði gæti sá samruni reyndar haft óheppilegar samkeppnislegar afleiðingar í för með sér.

Að mati samrunaaðila þarf að hafa öll þessi sjónarmið í huga þegar markaðshlutdeild er metin. Mikil gerjun hefur átt sér stað og þarf að taka öllum tölum með þeim fyrirvara að töluverðar breytingar kunna að verða á næstu misserum. Er t.d. erfitt að meta markaðshlutdeild aðila að teknu tillit til Costco. Í títtnefndri frummatsskýrslu Samkeppniseftirlitsins var komist að þeirri niðurstöðu að N1 hefði notið um 30-40% markaðshlutdeildar í díslu og 95 oktana bensíni á árinu 2014. Hlutdeild Olís og Skeljungur hefði á sama tíma verið 20-30% en hlutdeild Atlantsolíu 5-10% í díslu en 0-5% í 95 oktana bensíni. Á höfuðborgarsvæðinu taldi Samkeppniseftirlitið stöðuna þessa á árinu 2014:

| Félag       | Bensín | Dísill |
|-------------|--------|--------|
| Atlantsolía | 5-10%  | 5-10%  |
| N1          | 30-40% | 40-50% |
| Olís        | 20-30% | 10-20% |
| Skeljungur  | 30-40% | 30-40% |

Á Vesturlandi taldi Samkeppniseftirlitið stöðuna vera eftirfarandi á árinu 2012:

| Félag       | Bensín | Dísill |
|-------------|--------|--------|
| Atlantsolía | 5-10%  | 0-5%   |
| N1          | 30-40% | 40-50% |
| Olís        | 30-40% | 30-40% |
| Skeljungur  | 20-30% | 10-20% |

Á Austurlandi taldi Samkeppniseftirlitið stöðuna vera eftirfarandi á árinu 2012:

| Félag       | Bensín | Dísill |
|-------------|--------|--------|
| Atlantsolía | 0%     | 0%     |
| N1          | 30-40% | 50-60% |
| Olís        | 20-30% | 20-30% |
| Skeljungur  | 30-40% | 20-30% |

Á Suðurlandi taldi Samkeppniseftirlitið stöðuna vera eftirfarandi á árinu 2012:

| Félag       | Bensín | Dísill |
|-------------|--------|--------|
| Atlantsolía | 5-10%  | 5-10%  |
| N1          | 30-40% | 40-50% |
| Olís        | 20-30% | 20-30% |
| Skeljungur  | 20-30% | 20-30% |

Á Suðurnesjum þar sem Krónan hefur nýhafið starfsemi mat Samkeppniseftirlitið markaðshlutdeild aðila á árinu 2012 svo:

| Félag       | Bensín | Dísill |
|-------------|--------|--------|
| Atlantsolía | 10-20% | 5-10%  |

|            |        |        |
|------------|--------|--------|
| N1         | 20-30% | 30-40% |
| Olís       | 20-30% | 30-40% |
| Skeljungur | 30-40% | 20-30% |

Eflaust hefur hlutdeildin breyst eitthvað frá árinu 2012 enda nokkuð um liðið. N1 býr ekki yfir nýrri tölum greindum með sama hætti eftir landsvæðum. Ætla má að tölurnar gefi sæmilega vísbendingu um það hvernig markaðshlutdeild sé háttað nú.

Sé litið sérstaklega til sölu á dagvöru á eldsneytisstöðvum er ólíklegt að mikil breyting yrði á tölunum fyrir Reykjavík þar sem mest samkeppni er á milli þjónustustöðva. Annast Rekstrarfélagið tíu ellefu ehf. reyndar sölu á dagvörum á stöðvum Skeljungs svo sem fram kom í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 28/2014 *Beiðni Rekstrarfélagsins Tíu ellefu ehf. og Skeljungs hf. um undanþágu frá 10. gr. samkeppnislaga vegna rammisamnings um leigu á fasteignum fyrir dagvöruverslanir*. Þar sem Tíu ellefu selja dagvöru og bílavörur á afgreiðslustöðvum Skeljungs væri mögulega eðlilegra að líta svo á sem Tíu ellefu sem keppinaut Olís og N1 á undirmörkuðum fyrir sölu á dagvöru og bílavörum á eldsneytisstöðvum.

Á þeim landfræðilegu mörkuðum sem hér eru til skoðunar er það fyrst og fremst á höfuðborgarsvæðinu þar sem Olís og Skeljungur/Tíu ellefu reka verslanir á þjónustustöðvum. Telur N1 sennilegast að hlutdeildin sé áþekk því sem hún er í eldsneytissölu.

Á Suðurlandi og á Suðurnesjum selur Olís mat og rekur verslun. Gerir N1 það einnig. N1 hefur enga leið til þess að áætla sölu Olís á þessum stöðvum en í Reykjanesbæ reka félögin jafnmargar þjónustustöðvar. Á Suðurlandi rekur N1 þrjár þjónustustöðvar en Olís tvær. Sé veltan áþekk á hverri stöð má því ætla að markaðshlutdeild hvors um sig sé um 50% í Reykjanesbæ en hlutdeild N1 ívið hærri á Suðurlandi. Ekki hafa orðið miklar breytingar á markaðnum að þessu leyti á undanförunum árum þannig að telja má líklega að hlutdeildin hafi verið svipuð undanfarin ár.

Hvað varðar sölu á öðrum vörum á eldsneytisstöðvum þá er erfitt að meta með góðu móti hvernig markaðshlutdeildin er eða hefur verið. Bílavörur eru seldar af Olís, N1 og Skeljungu á höfuðborgarsvæðinu. Er markaðshlutdeild félaganna á höfuðborgarsvæðinu sennilega áþekk hlutdeildinni í eldsneytissölu. Olís og N1 reka þjónustustöðvar á Reykjanesi og á Suðurlandi. Er markaðshlutdeild félaganna sennilega áþekk í Reykjanesbæ þar sem félögin halda úti hvort sinni eldsneytisstöðinni. Á Suðurlandi rekur N1 fleiri stöðvar og er sennilega með ívið hærri markaðshlutdeild. Er því sennilegt að markaðshlutdeildin hafi verið svipuð undanfarin ár og áþekk því sem að framan greinir hvað varðar sölu á dagvöru.

Ýmsar bílavörur eru seldar í smásölu til neytenda í sérverslunum og gæti því samkeppnislegs aðhalds frá slíkum aðilum. Olís rekur ekki verkstæði þar sem seldar eru bílavörur en á í samstarfi við nokkra aðila, t.d. Max 1, sem selja vörur frá Olís. Þá rekur Skeljungur smurstöðvar og er framboð þeirra af þjónustu því minna en hjá N1.

Tekið skal fram að almennt eru breytingar í markaðshlutdeild hægfæra og því ástæðalaust að leggja nákvæmt mat á markaðshlutdeildina fyrir nokkur ár. Ætla má að hlutdeildin sé áþekk á milli ára. Verði það niðurstaðan að Costco muni hafa þau áhrif sem látið er að liggja í fjölmiðlum gæti hafa orðið óvenju mikil breyting í markaðshlutdeild á höfuðborgarsvæðinu.

Hér hefur verið fjallað um markaðshlutdeild á þeim mörkuðum þar sem fasteignafélög Festi reka starfsemi. Eru ekki sambærileg lóðrétt tengsl á milli markaðarins fyrir útleigu á atvinnuhúsnæði og markaðarins fyrir sölu á vörum á eldsneytisstöðvum annars staðar á landinu og tilheyra þeir því ekki þeim mörkuðum þar sem áhrifa samrunans gætir.

### 3. Raftæki

Elko starfar á afar kvikum markaði þar sem framboð á raftækjum er síbreytilegt. Stöðug tækniþróun leiðir til þess að eiginleikar tækjanna breytast í sífellu. Þá eru raftæki ólík að því leyti að sum eru dýr og endast lengi. Slík tæki vilja viðskiptavinir helst sjá og skoða vel áður en þau eru keypt. Á það t.a.m. við um þvottavélar og ísskáp. Önnur raftæki kaupir fólk á netinu óséð vandkvæðalaust. Á það t.a.m. við um leikjatölvur. Þá gætir töluverðrar samkeppni erlendis frá. Erfitt er að meta umfang erlendra sölu hér á landi en hún er vafalaust nokkur.

Hefur Elko látið meta fyrir sig með spurningakönnun til hvaða raftækjaverslunar fólk leitar fyrst. Er Elko þar gjarnan fyrsti viðkomustaðurinn er það er þó töluvert ólíkt á milli tækja í hvaða tilvikum Elko er fyrsti viðkomustaðurinn og hvenær ekki.

Hugsanlega mætti leggja mat á markaðshlutdeild út frá þessum tölum þó að á því séu óhjákvæmilegar ýmsir annmarkar. T.d. nær spurningakönnunin ekki til vefverslana með sama hætti og innlendra verslana. Er erfitt að meta af nákvæmni hlutdeild erlendra verslana.

Rannsóknarsetur verslunarinnar hefur rannsakað íslenska netverslun og lagt mat á umfang hennar. Nýjasta skýrslan sem er aðgengileg á vef rannsóknarsetursins er frá 2015.<sup>7</sup> Kemur þar meðal annars fram að vöxtur í netverslun hefur mjög hraðar á undanförunum árum. Raftæki eru þær vörur sem helst er verslað með í gegnum netið. Samkvæmt skýrslunni höfðu 56% íslenskra neytenda keypt einhverjar vörur á netinu síðastliðna 12 mánuði. Var það öll lægra hlutfall en á hinum Norðurlöndunum. Mætti því vel ímynda sér að enn eigi eftir að verða umtalsverður vöxtur í netverslun hér á landi.

Benda kannanir til þess að um þriðjungur neytenda hafi keypt raftæki af netinu á síðastliðnum tólf mánuðum. Ætla má að um helmingur þess sem keypt er á netinu af raftækjum sé keypt frá erlendum vefsíðum á borð við Amazon og Aliexpress.

Þó að hlutdeild Elko kunni að virðast há er mikilvægt að hafa það í huga að margir eru um hituna á raftækjamarkaðnum og samkeppnin mikil. Auðvelt er að komast inn á markaðinn, sérstaklega hvað varðar vefverslun. Þá er mikilvægt að hafa í huga að ýmsar verslanir kunna að njóta sterkrar stöðu á ákveðnum hlutum markaðarins t.d. í sölu á hágæða eldhústækjum, snjalltækjum eða sérstökum vörumerkjum t.d. Samsung eða Apple.

Helstu félögin á markaðnum og hugsanleg markaðshlutdeild þeirra gæti verið eftirfarandi:

| Félag      | Möguleg hlutdeild |
|------------|-------------------|
| ELKO       | 30-40%            |
| Costco     | 0-5%              |
| Ormsson    | 5-10%             |
| Skakkiturn | 0-5%              |

<sup>7</sup> Slóðin er: [http://www.rsv.is/Files/Skra\\_0069861.pdf](http://www.rsv.is/Files/Skra_0069861.pdf) [sótt 8. október 2017]

|                       |       |
|-----------------------|-------|
| Tölvutek              | 5-10% |
| Tölvulistinn          | 5-10% |
| Heimilistæki          | 5-10% |
| Rafha                 | 0-5%  |
| Smith og Norland      | 0-5%  |
| Sjónvarpsmiðstöðin    | 0-5%  |
| Einar Farestveit & Co | 0-5%  |
| Magna verslanir       | 0-5%  |

Hér er um að ræða áætlun. Ekki er ástæða til þess að ætla að miklar breytingar hafi orðið í hlutdeildinni undanfarin þrjú ár. Erfitt er að meta með afdráttarlausum hætti markaðshlutdeild helstu fyrirtækja á markaðnum. Þá er erfitt að ná utan um alla raftækjasölu á landinu. Hér má nefna að dagvöruverslanir selja sumar hverjar raftæki t.d. Hagkaup og Kaupfélag Skagfirðinga. Þá selja Heimkaup einnig ýmis raftæki í vefverslun sinni til viðbótar við erlendar vefverslanir. Einhver framangreindra fyrirtækja selja raftæki á eigin vegum en einnig í heildsölu til annarra verslana. Loks skal þess getið að í ákvörðun nr. 7/2014 var ekki talin sérstök ástæða til þess að fjalla ítarlega um starfsemi ELKO.

Í skýrslu Landsbankans um verslun og þjónustu kemur fram að íslensk heimili hafi keypt raftæki fyrir 12,5 milljarða á árinu 2016.<sup>8</sup> Þegar litið er til virðisaukaskattskýrsla Hagstofunnar má sjá að velta í flokknum 47.54 smásala á heimilistækjum í sérverslunum var 18,7 milljarðar 2016, 16,9 milljarðar 2015 en 13,9 milljarðar 2014.

#### 4. Rekstrarvörur

N1 flytur inn hjólbarða og ýmsar olíuvörur sem seldar eru af félaginu til stórnotenda og verkstæða eða endursöluaðila. Á þessum mörkuðum er fyrir ýmsir keppinautar sem ýmist starfa á hluta markaðarins eða honum öllum.

Sala til fyrirtækja fer almennt í gegnum verslun N1 í Klettagörðum 13 eða aðrar verslanir félagsins. Er almennt um pöntunarviðskipti að ræða en einnig koma viðskiptavinir í verslanir.

Þær vörur sem hér er um að ræða eru almennt seldar til fyrirtækja í matvælaíðnaði, útgerða, bænda og annarra framleiðslufyrirtækja. Kaupa sum þeirra flestar vörur sem N1 hefur á boðstólum en önnur aðeins hluta þeirra. Til að mynda hafa útgerðir þörf fyrir olíu, smurolíu, öryggisvörur, hreinsiefni, hnifa og fleira. Til verkstæða selur N1 fyrst og fremst smurolíur, hjólbarða og þess háttar vörur.

Býður Olís upp á sambærilegt úrval af vörum og N1 auk þess sem Skeljungur flytur inn smurolíur. Aðrir á markaðnum eru m.a. Kemi, Rekstrarvörur, Ísco, Sólning, Klettur og Stilling. Er ólíklegt að hlutdeild nokkurs aðila sé mjög há þó að sennilega sé hlutdeild N1 og Olís hæst enda starfa félögin á flestum sviðum þessa markaðar. Mögulega yrðu það einu félögin sem njóta meira en 10% markaðshlutdeildar. Hlutdeild annarra kann að vera sterk á einstökum hlutum markaðarins með sambærilegum hætti og einstakar verslanir með raftæki hafa sterka

<sup>8</sup> Sjá nánar á slóðinni: <https://umraedan.landsbankinn.is/umraedan/samfelagid/verslun-og-thjonusta/greiningar/6.-kafli/> [sótt 23. ágúst 2017]

stöðu þegar kemur að einstökum vörumerkjum eða gerðum raftækja. Geta samrunaaðilar ekki metið markaðshlutdeild framangreindra félaga á markaðnum með nákvæmari hætti.

Erfitt er að áætlaða heildarveltu á rekstrarvörumarkaðnum. Telja má líklegt að veltan hlaupi á milljörðum króna á ári hverju. Þannig má nefna að samkvæmt virðisaukaskattskýrslum Hagstofunnar voru seldar vörur í flokknum 45.3 sala varahluta og aukabúnaðar í bíla 9,8 milljarðar á árinu 2016, 8,8 milljarðar 2015 og 7,8 milljarðar 2014. Ná þær tölur þó aðeins til hluta þess sem hér fellur undir.

#### 5. Útleiga á atvinnuhúsnæði

Fram kemur í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 27/2017 varðandi kaup Regins á FM húsum að eignasafn síðarnefnda félagsins sé aðeins um 10 þúsund fermetrar að stærð og að því feli samruninn í sér óverulega samþjöppun á markaðnum. Sé eignasafn Regins þannig um 320 þúsund fermetrar. Að mati Samkeppniseftirlitsins í málinu var samanlögð hlutdeild Regins, Reita fasteignafélags hf. og Eikar fasteignafélags hf. um 70% þar sem félögin réðu yfir um milljón fermetrum af atvinnuhúsnæði í skilgreindum markaði (þ.e. á höfuðborgarsvæðinu). Ekki liggja fyrir í ákvörðunum Samkeppniseftirlitsins sambærilegar tölur fyrir aðra landfræðilega markaði.

Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 23/2014 var markaðshlutdeild Regins álitin 20-25% og væri félagið áþekkt Eik að stærð. Reitir væru hins vegar ögn stærri eða með hlutdeild upp á 30-35%. Ólíklegt er að önnur fasteignafélög fari yfir 10% markaðshlutdeild.

Það má þó ljóst vera að stærð fasteignarekstarar Festi er óveruleg. Hafði Samkeppniseftirlitið ekki sérstakar áhyggjur af þessari starfsemi í ákvörðun nr. 7/2014 þar sem lítið sem ekkert er fjallað um reksturinn. Svo sem hér hefur komið fram eru fasteignar Festi 70 þúsund fermetrar að stærð en helmingurinn er leigður innan samstæðu. Ef gert væri ráð fyrir því að þar með væru 35 þúsund fermetrar til útleigu á hefðbundnum markaði fyrir útleigu atvinnuhúsnæðis væri Festi aðeins með einn tíunda af því leigurémi sem Reitir bjóða upp á m.v. þær tölur sem reifaðar voru hér á undan. Hlutdeild Festi miðað við það væri ekki hærri en 2,5% af markaðnum en taka þarf tillit til þess að leiguhúsnæði í eigu Festi er staðsett á nokkrum landfræðilegum mörkuðum. Er hlutdeild Festi varla mikið hærri á öðrum mörkuðum.

Er engin ástæða til þess að ætla annað en að markaðshlutdeildar Festi á sviði útleigu á atvinnuhúsnæði sé mjög lág og umtalsvert lægri en hlutdeild stærstu félaganna á markaðnum. Virðist sem Samkeppniseftirlitið hafi lagt til grundvallar að markaðurinn fyrir útleigu á atvinnuhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu sé vel yfir milljón fermetrar. Má ætla að markaðshlutdeild stærstu aðilanna á þessum markaði hafi verið áþekk undanfarin þrjú ár. Að mati samrunaaðila standa ekki líkur til þess að fleiri félög en Reitir, Eik og Regin hafi meira en 10% markaðshlutdeild.

Búa samrunaaðilar ekki yfir gögnum yfir mögulega heildarstærð markaðarins á öðrum landsvæðum. Þekkja samrunaaðilar ekki til þess að teknar séu saman upplýsingar um heildarleigutekjur eða stærð markaðarins eins og hann er hér skilgreindur.

#### 6. Vöruhúsaþjónusta

Eimskip og Samskip eru sennilega langstærstu félögin á sviði vöruhúsaþjónustu hér á landi. Hafa samrunaaðilar ekki aðgang að tölum um hugsanlega veltu þessara aðila í þeirri þjónustu. Velta samrunaaðila á þessu sviði er mjög lág sé aðeins talin sú þjónusta sem þeir selja þriðju aðilum. Er ósennilegt að aðrir aðilar en Eimskip og Samskip séu starfandi á markaðnum með meira en 10% markaðshlutdeild.

Rétt er að taka fram að Aðföng veita Högum alla vöruhúsaþjónustu. Er samrunaaðilum ekki kunnugt um að félagi veiti öðrum þjónustu. Yrðu Aðföng talin til markaðarins væri þar sennilega um að ræða eitt af stærri ef ekki stærsta félagi á þessu sviði hér á landi. Að mati samrunaaðila skiptir staða Aðfanga verulegu máli fyrir Haga. Á vegum Aðfanga fara einnig fram innkaup fyrir verslanir Haga en því er ekki þannig farið hjá Festi þar sem Bakinn sérhæfir sig í vöruhúsaþjónustu.

Engin leið er að meta heildarstærð þessa markaðar. Engar tölur virðast liggja á lausu um heildarstærð markaðarins og er þessi starfsemi ekki sundurgreind í ársreikningum stærstu aðilanna.

## **7.2. Innflutningur**

Almennt er þorri þess sem seldur er af samrunaaðilum innfluttur. Skiptir innflutningur því verulegu máli fyrir samrunaaðila. Tollar og tollkvóta hafa fyrst og fremst áhrif á sölu á dagvöru í dagvöruverslunum þar sem selt er töluvert af fersku kjöti en takmarkanir eru á slíkum innflutning. eru engar sérstakar takmarkanir á öðrum innflutningi á þeim vörum sem samrunaaðilar stunda viðskipti með.

### *1. Sala á dagvöru í dagvöruverslunum*

Dagvara er ýmist framleidd hér á landi eða innflutt. Hvað varðar þann hluta sem er framleiddur hér á landi þá er í meginatriðum um að ræða landbúnaðarafurðir og sjávarfang. Innflutningur landbúnaðarafurða sætir ýmsum hömlum sem gerir það að verkum að þær eru almennt framleiddar hér á landi. Ætlaður tilgangur þessara innflutningstakmarkana er ýmist að vernda íslenskan landbúnað fyrir búfjársjúkdómum eða koma í veg fyrir að sjúkdómar berist með afurðum í fólk. Í einhverjum tilvikum er beinlínis ætlað að tryggja hagsmunum innlendra framleiðenda. Draga reglur af þessu tagi eðlilega úr möguleikum innlendra verslunar til þess að tryggja hagkvæmt úrval af vörum.

Hlutfallslegir yfirburðir Íslands í framleiðslu á sjávarfangi leiða til þess að Ísland flytur út fisk frekar en að flytja hann inn.

Önnur dagvara er að verulegu leyti innflutt eða hægt að flytja hana inn. Í einhverjum tilvikum hafa neytendur val um innflutta vöru eða vöru framleidda á Íslandi, t.d. hvað varðar ýmis konar kex, kartöfluflögur og sælgæti.

Það tíðkast að dagvöruverslanir selji á sama verði í öllum verslunum. Flutningskostnaður getur orðið þó nokkur þar sem kostnaðarsamt getur verið að dreifa um allt land. Fyrir hendi er þó til þess að gera hagkvæmt flutningsnet þannig að flutningskostnaður innanlands er almennt ekki hamlandi.

Innfluttar dagvörur koma hvaðanæva að úr heiminum en sjálfsagt mest frá Evrópu. Stóri hluti þess sem seldur er í verslunum hér á landi kemur frá nokkrum stórum framleiðendum á borð við Unilever, Nestle, Proctor & Gamble og Kraft Heinz.

Svo sem fram kemur í samrunaskrá þessari er einn af stærstu birgjum Krónunnar erlendur. Flytur Krónan töluvert inn af þurrvöru og kjöti beint frá erlendum birgjum auk þess að flytja inn næstum alla ávexti og töluverðan hluta grænmetis. Því til viðbótar verslar Krónan við innlenda birgja sem sumir hverjir flytja inn vörur erlendis frá. Töluverður hluti söluvara Krónunnar er framleiddur hér á landi, þ.m.t. nær allar mjólkurvörur og megnið af kjöti. Er sennilegt að hlutfall innflutnings sé að minnsta kosti 50% af markaðnum og hafi verið undanfarin ár.

## *2. Sala á vörum á eldsneytisafgreiðslum*

Nær allt eldsneyti sem selt er á Íslandi er framleitt erlendis. Einungis metangas og lífdísill hafa verið framleitt hér á landi og það í frekar litlum mæli.

Engin olíuhreinsistöð er á Íslandi þannig að eldsneyti þarf að flytja unnið til Íslands og tilbúið til notkunar. Er eldsneytið svo flutt um allt land að meginstefnu til með olíuflutningabílum. Fylgir því nokkur kostnaður að flytja olíu um landið enda er þörf á sérútbúnum bílum sem eru afar dýrir og er erfitt að skipuleggja ferðir þeirra þannig að góð nýting sé á bílunum.

Innflutningur á eldsneyti krefst ákveðinnar aðstöðu, fyrst og fremst geymslupláss. Kostnaðarsamt er að senda skip til Íslands með eldsneyti og hefur oft reynst erfitt að fá mörg hagstæð tilboð frá erlendum birgjum. Í gegnum tíðina hefur Statoil í Noregi verið áhugasamast um Íslandviðskiptin. Helgast það líklega af því hversu nálægt Íslandi Noregur er.

Er samrunaaðilum ekki kunnugt um að annað en að hægur vandi ætti að vera fyrir hvern sem er að kaupa eldsneyti af erlendum aðilum og flytja til landsins. Er svo gott sem allt eldsneyti sem notað er hér á landi innflutt. Hefur það verið þannig um árabil.

Hið sama á við um þær dagvörur sem seldar eru á eldsneytisstöðvum og þær sem seldar eru í dagvöruverslunum að þær eru að stórum hluta til innfluttar. Flytur N1 ekki inn neinar dagvörur en kaupir frá innlendum birgjum. Innlendir birgjarnir ýmist framleiða viðkomandi vörur sjálfir eða flytja þær inn. Hefur N1 ekki upplýsingar um skiptinguna þar á milli.

Hvað varðar aðrar vörur sem seldar eru á eldsneytisstöðvum N1 þá er þar fyrst og fremst um að ræða bílavörur sem N1 flytur inn frá erlendum birgjum. Er kostnaður við þennan innflutning óverulegur enda almennt um að ræða geymslupólnar vörur sem þola vel flutning.

## *3. Raftæki*

Rafmagnstæki sem seld eru á Íslandi eru öll innflutt. Alla jafna er einfalt fyrir hvern sem er að hefja starfsemi á markaðnum og opna verslun enda er nóg af framleiðendum sem bjóða upp á vörur af þessu tagi.

Er í sjálfu sér lítill vandi að hefja innflutning á raftækjum til Íslands. Sést það ekki hvað síst á því að fjölmargar verslanir selja margvíslega raftæki. Er reglulega stofnaðar nýjar verslanir sem ná mismiklum árangri.

Einstaklingar geta flutt inn sín eigin raftæki ef þannig ber undir þar sem mikið framboð er af rafmagnstækjum í ýmsum vefverslunum. Eru innlendar verslanir sem og innlendar vefverslanir í samkeppni við slíka verslun.

Elko hefur samning við Elkjöp um kaup á raftækjum en það er norskt fyrirtæki. Raftækin eru þó mikið til framleidd í Asíu eða annars staðar þar sem margir stórir raftækjaframleiðendur reka verksmiðjur. Eru öll raftæki sem seld eru á Íslandi innflutt.

#### 4. *Rekstrarvörur*

Hjólbarðar, olíu- og efnavörur sem og aðrar rekstrarvörur eru fluttar inn. Starfa ýmsir aðilar við innflutning á slíkum vörum. Í sjálfu sér er ekkert því til fyrirstöðu að fleiri aðilar leiti eftir því að flytja inn slíkar vörur enda er nægt framboð í heiminum.

Flytur N1 inn þessar vörur til sölu hérlandis. Er kostnaður við að flytja inn rekstrarvörur óverulegur enda eru þær þægilegar í flutningum og innflutningur ekki háðar neinum sérstökum takmörkunum.

#### 5. *Útleiga á atvinnuhúsnæði*

Eðli málsins samkvæmt verður atvinnuhúsnæði ekki flutt með einföldum hætti á milli landa. Verður því varla haldið fram að áhrifa innflutnings gæti á markaðnum.

#### 6. *Vöruhúsaþjónusta*

Enginn innflutningur er á vöruhúsaþjónustu.

### 7.3 **Söluleiðir**

Smásöluverslanir bjóða almennt vörur til kaups í verslunum sínum á fyrirfram ákveðnum tímum. Á ákveðnum sviðum smásölu hafa netverslanir auk þess rudd sér til rúms. Hafa söluleiðir ekki breyst á undanförunum árum.

#### 1. *Sala á dagvöru í dagvöruverslunum*

Dagvörur eru seldar í dagvöruverslunum. Almennt þurfa viðskiptavinir að fara í viðkomandi verslun og safna saman þeim vörum sem þeir hafa hug á í þar til gerða kerru áður en þeir greiða fyrir vörurnar við afgreiðslukassa. Einnig þekkist að dagvöruverslanir sendi vörur heim en slík þjónusta hefur ekki verið fyrirferðarmikil á Íslandi hingað til.

#### 2. *Sala á vörum á eldsneytisafgreiðslum*

Eldsneyti er selt á eldsneytisstöðva til almennra neytenda og þeirra fyrirtækja sem þess kjósa. Heldur N1 úti neti afgreiðslustaða til þess að tryggja að viðskiptavinir félagsins hafi aðgang að eldsneyti alls staðar á landinu.

Viðskiptavinir á borð við útgerðir og flugfélög kaupa almennt eldsneyti í höfnum eða á flugvöllum. Í einhverjum tilvikum er ekið með olíu til viðskiptavina og fyllt á tanka sem þeir hafa hjá sér.

#### 3. *Raftæki*

Elko rekur verslanir á höfuðborgarsvæðinu og á Keflavíkurflugvelli ásamt því að reka netverslun. Ekki er mikið um raftækjaverslanir í smærri byggðalögum en þó má finna slíkar verslanir víða um land. Er almennt töluvert framboð á netinu bæði hjá innlendum og erlendum vefverslunum. Hefur sala raftækja í gegnum netið aukist töluvert.



#### 4. Rekstrarvörur

Fjöldi bifreiðaverkstæða er um land allt auk þess sem eldsneytisafgreiðslur finnast mjög víða. Eru rekstrarvörur seldar neytendum á verkstæðum og í eldsneytisafgreiðslum.

#### 5. Útleiga á atvinnuhúsnæði

Atvinnuhúsnæði er gjarnan miðlað af leigumiðlunum sem sérhæfa sig í útleigu á atvinnuhúsnæði. Einnig er nokkuð um að slíkt húsnæði sé auglýst til leigu.

#### 6. Vöruhúsaþjónusta

Bakkinn auglýsir á heimasíðu sinni að félagið bjóði vöruhúsaþjónustu en engin raunveruleg markaðsstarfsemi á sér stað innan félagsins. Má ætla að stærri aðilar auglýsi þjónustu sína gagnvart fyrirtækjum og starfræki söludeild þar sem eru sölufulltrúar sem heimsækja fyrirtæki með reglulegum hætti.

### 7.4 Samanburður í verði

Starfsemi beggja samrunaaðila er fyrst og fremst á Íslandi. Selja samrunaaðilar töluvert af innfluttum vörum og hefur gengi íslensku krónunnar því almennt áhrif á verð þess sem samrunaaðilar selja. Hefur ekki orðið breyting á markaðnum að þessu leyti á undanförunum þremur árum að minnsta kosti.

#### 1. Sala á dagvöru í dagvöruverslunum

Verð á dagvörum geta verið ólík á milli ríkja. Er munurinn mismikill eftir því hvaða vörutegund er um að ræða. Þannig getur verðmunurinn á landbúnaðarafurðum orðið allmikill enda eru ýmsar takmarkanir á inn- og útflutning slíkra vara víðast hvar í heiminum auk þess sem landbúnaður nýtur almennt styrkja að einhverju leyti. Að sama skapi eru margar dagvörur þannig að erfitt er að flytja þær sem leiðir til hærri flutningskostnaðar. Sé líftími vörur stuttur þannig að afföll eru líklega má einnig búast við því að verðin séu hærri. Loks bera matvæli misháan virðisaukaskatt sem getur haft afgerandi áhrif á verð þeirra ásamt öðrum sköttum og gjöldum.

#### 2. Sala á vörum á eldsneytisafgreiðslum

Munur getur verið á milli eldsneytisverð ólíkra landa. Helgast það að verulegu leyti af ólíku regluverki og staðháttum á hverjum stað. Eru t.a.m. skattar mjög ólíkir á milli landa. Þá eru forsendur fyrir lægri verðum í ríkjum sem eru mjög þéttbýl og nálægt olíulindum og olíuhreinsistöðvum þar sem mögulegt er að dreifa miðlægum kostnaði á margar einingar í slíkum tilvikum.

#### 3. Raftæki

Ekki er mikill munur á raftækjum á milli landa almennt. Innflutningshindranir eru fáar og er almennt auðvelt að flytja raftæki á milli landa. Þá eru flestar tegundir raftækja til á netinu sem gerir það að verkum að erfitt er að selja þær á hærri verði í einu landi en öðru. Hefur verðmunur á milli landa minnkað og er líklegt að sú þróun haldi áfram á næstu árum.

#### 4. Rekstrarvörur og þjónusta við bifreiðar

Um er að ræða vörur sem að meginstefnu til eru innfluttar. Ræðst verðið því af verulegi leyti af heimsmarkaðsverði. Að því leyti sem þjónusta er keypt með hafa ýmsir innlendir þættir áhrif svo sem launakostnaður. Getur þá orðið meiri munur á milli Íslands og annarra landa.

#### 5. Útleiga á atvinnuhúsnæði

Verð á atvinnuhúsnæði ræðst af verulegu leyti af innlendu framboði og eftirspurn. Þá getur skipt máli hvernig lánakjör eru eða hversu greiðlega gengur að byggja ný hús. Innlend eftirspurn eftir atvinnuhúsnæði er ekki í beinu sambandi við eftirspurn eftir húsnæði erlendis og getur því hæglega orðið töluverður munur.

#### 6. Vöruhúsaþjónusta

Verð á vöruhúsaþjónustu ræðst að verulegu leyti af aðstæðum á innlendum mörkuðum. Hefur einkaneysla aukist undanfarið og þar með eftirspurn eftir vöruhúsaþjónustu. Kann það ásamt hækkanði launakostnaði að hafa leitt til hærri verða en áður. Samrunaaðilar hafa ekki verið virkir í samkeppni á þessum mörkuðum.

### 7.5. Eðli og umfang lóðréttar samþættingar

Samrunaaðilar eru heilt yfir ekki mjög lóðrétt samþættir. Verður ekki breyting í lóðrétttri samþættingu við samrunann. Hefur ekki orðið breyting í umfangi lóðréttar samþættingar á mörkuðum málsins á undanförunum árum.

#### 1. Sala á dagvöru í dagvöruverslunum

Festi flytur inn hluta af þeim vörum sem félagið selur. Að meginstefnu til selur Festi vörur sem keyptar eru af innlendum heildsölum eða matvælaframleiðendum. Ræðst það af verði og gæðum þeirra vara sem eru í boði hvort félagi velur að flytja þær inn sérstaklega eða ekki. Leigja sumar dagvöruverslanir Festi húsnæði af öðrum félögum innan samstæðu Festi.

#### 2. Sala á vörum á eldsneytisafgreiðslum

Allt eldsneyti sem selt er hér á landi er flutt til landsins. Kaupir N1 eldsneyti og selur. Dreifing og birgðahald fer að verulegu leyti fram á vettvangi Ólíudreifingar sem N1 á 60% hlut í. Annast EAK og EBK þjónustu við flugvélar á Keflavíkurflugvelli en N1 á minnihluta í þeim félögum. Er lóðrétt samþætting því óveruleg og umtalsvert minni en víða erlendis þar sem sama félag jafnvel leitar að olíu og borar eftir henni auk þess að flytja, dreifa og selja lokaafurðina.

#### 3. Raftæki

Elko flytur inn raftæki erlendis frá og selur hér á landi ásamt því sem Elko kaupir af innlendum birgjum. Hefur Elko ekki starfsemi á öðrum sölustigum.

#### 4. Rekstrarvörur

Rekstrarvörur bifreiða og hjólbarðar eru fluttir inn af N1. Selur N1 hluta af vörunum sjálft á verkstæðum sínum og eldsneytisafgreiðslum. Að einhverju leyti eru vöurnar seldar til verkstæða í eigu annarra og seldar þar. Gætir því nokkurrar lóðréttar samþættingar hér.

#### 5. Útleiga á atvinnuhúsnæði

Þar sem fyrirtæki í eigu Festi leigja um helming þeirra fasteigna sem fasteignafélög Festi eiga má segja að félagið sé að nokkru lóðrétt samþætt.

#### 6. Vöruhúsaþjónusta

Öll vöruhúsaþjónusta við samrunaaðila er framkvæmd í þeirra eigin vöruhúsum. Má því segja að hún sé lóðrétt samþætt. Helstu keppinauta samrunaaðila hafa sama háttinn á varðandi þá vöruhúsaþjónustu sem þeir hafa þörf fyrir.

Stærstu félögin hérlandis sem bjóða vöruhúsaþjónustu eru flutningsfyrirtæki. Eru þau því einnig lóðrétt samþætt að því leyti að þau starfa á sjó- og/eða landflutningamarkaði ásamt því að bjóða vöruhúsaþjónustu. Dæmi um þetta eru Eimskip og Samskip.

## 7.6 Sundurliðun á heildartekjum eftir vöruflokkum

Starfsemi samrunaaðila er á ýmsum mörkuðum og deilist velta Festi og N1 á ýmsa markaði. Hér á eftir verður reynt að skipta því frekar upp á milli einstakra rekstrarþátta til þess að gefa nánari mynd af rekstrinum.

### 1. Sala á dagvöru í dagvöruverslunum

Sala í helstu vöruflokkum milli mars 2016 og febrúar 2017 hjá Krónunni (þ.e. heildarsala verslanna Krónunnar, Kr. og Kjarvals) og skiptist svo (í milljónum) [trúnaðarmál]:

[...] <sup>9</sup>

Með „matvara 11%“ er átt við matvöru sem ber 11% virðisaukaskatt aðra en þá sem sérstaklega er sundurgreind í töflunni. Tekið skal fram að í uppgjöri Festar er rekstarárið 2014 14 mánuðir (þ.e. frá 1. janúar 2014 til 28. febrúar 2015).

Krónan kaupir inn vörur frá erlendum og innlendum birgjum til endursölu í smásöluverslunum. Mætti segja að Krónan starfi aðeins á einu sölustigi þar sem félagið selur ekki vörur til endursölu. Krónan kaupir vöruhúsaþjónustu frá Bakkanum. Um er að ræða stoðþjónustu við starfsemi Krónunnar. [...] <sup>10</sup>. Verður veltu samstæðu Festi skipt nánar niður eftir sölustigum hér á eftir.

### 2. Sundurliðun á sölu N1

Hér á eftir verður sölu N1 skipt í þrennt eftir því hvar vörurnar eru seldar. Með því móti má endurspegla þá markaði sem skilgreindir voru hér á undan auk þess sem skiptingin endurspeglar einnig viðskipti við fyrirtæki og neytendur sem mætti kalla heildsölu og smásölustig N1.

[...] <sup>11</sup>

Tekjur fyrirtækjasviðs N1 eru viðskipti sem fara í gegnum verslun og vöruhús félagsins og eru vörurnar seldar um allt land. Stærsta vöruhús og verslun félagsins er í Klettagörðum 13. Hér undir fellur einnig sala á eldsneyti með tankbílum eða með öðrum hætti ekki frá afgreiðslustöð, þ.m.t. afgreiðslur til flugvéla. Skýrir það þá breytingu sem verður í seldu magni af eldsneyti á milli áranna 2015 og 2016 að Ícelandair færði viðskipti sín til Skeljungs.

Þá er ótalin sala á vörum í gegnum þjónustuverkstæði N1 en þau voru ekki skilgreind sem hluti af þeim mörkuðum sem máli skipta. Þessar tekjur sundurliðast allt að einu svo eftir helstu vöruflokkum:

---

<sup>9</sup> Trúnaðarmál

<sup>10</sup> Trúnaðarmál

<sup>11</sup> Trúnaðarmál

[...]¹²

Hefur þá allri veltu N1 verið skipt upp eftir sölu. Eðlilegt er að líta svo á sem sala til fyrirtækja og endursöluaðila sé sala á heildsölustigi en sala á eldsneytisafgreiðslum á smásölustigi. Ekki verður litið þannig á að N1 kaupi vörur af sjálfu sér til endursölu eða að fyrir hendi sé sjálfstætt heildsölusvið innan N1.

Í töflunum hér að framan hefur sölu sem færð er utan kerfis verið bætt við tölurnar og þær stemmdar af miðað við ársreikning. Þá hefur eigin notkun N1 verið dregin frá tölunum og smæstu liðum sleppt svo sem gert er ráð fyrir í reglum um tilkynningu samruna. Samtölurnar endurspegla hins vegar heildarsölu.

### 3. Raftæki

Sala Elko í helstu vöruflokkum milli mars 2016 og febrúar 2017 skiptist svo [trúnaðarmál]:

[...]¹³

Til brúnnar vöru teljast sjónvörp, hljómflutningstæki o.þ.h. Salan dreifist til þess að gera jafnt á helstu vöruflokka svo sem sjá má. Samkeppni á markaðnum kann að vera að einhverju leyti ólík eftir vöruflokkum líkt og rakið hefur verið þar sem vöruframboð einstakra raftækjaverslana er ekki í öllum tilvikum hið sama.

### 4. Útleiga á atvinnuhúsnæði

Tekjur Höfðaeigna og Festi fasteigna eru leigutekjur vegna útleigu á atvinnuhúsnæði. Er óþarfi að sundurliða þær frekar enda allar í sama vöruflokki. Á árinu 2016 var velta Höfðaeigna 829 milljónir, 771 á árinu 2015 og 874 milljónir 2014 (14 mánaða uppgjörsár) Tekjur Festi fasteigna voru 1181 milljón á árinu 2016, 1109 milljónir á árinu 2015 og 1257 milljónir 2014 (14 mánaða uppgjörsár). Hefur félagið gert langtímaleigusamninga við sína stærstu viðskiptavinini. Verður því litlar eða mjög hægfara breytingar á stærstu viðskiptavinum fasteignafélaga Festi. Hafa þeir verið hinir sömu undanfarin þrjú ár. Eðli málsins samkvæmt bjóða félögin aðeins upp á einn vöruflokk sem er atvinnuhúsnæði til leigu.

Til fyllingar má hafa hjálagða lista yfir fasteignir Festar.

### 5. Sala eftir sölustigum hjá Festi

Festi selur að einhverju leyti vörur og þjónustu innan samstæðunnar. Þá mætti huganlega líta svo á sem fleiri en eitt sölustig sé innan félagsins. Sala Festi skipt eftir því hvort hún sé innan eða utan samstæðu eða á efra sölustigi hefur verið sambærileg undanfarin ár. Skipta mætti sölunni svo eftir sölustigum á árinu 2016/2017 [trúnaðarmál]:

[...]¹⁴

---

¹² Trúnaðarmál

¹³ Trúnaðarmál

¹⁴ Trúnaðarmál

Voru hlutföllin sambærileg árið 2014/2015. Hér er litið svo á sem sem Bakinn og Festi sem félög sem styðja við rekstur annarra félaga innan samstæðunnar séu á efra sölustigi gagnvart smásölufélögum Festi.

Sölu N1 hefur í samrunaskrá þessari verið skipt eftir því hvort um sé að ræða sölu á eldsneytisafgreiðslum eða önnur sala. Almenn er sala á eldsneytisafgreiðslum sala til neytenda og því smásala. Sölu fyrirtækjasviðs má svo almennt líta á sem heildsölu. Má því hafa þessa aðgreiningu til marks um þau sölustig sem fyrir hendi eru innan félagsins.

#### 6. Vöruhúsaþjónusta

Bakinn býður aðeins upp á vöruhúsaþjónustu og eru allar tekjur félagsins tilkomnar vegna hennar. [...]¹⁵

N1 reiknar ekki með sjálfstæðum hætti kostnaðinn við vöruhúsaþjónustu sem félagið veitir sjálft sér. Tekjur af samning félagsins við Bílanaust eru [...]¹⁶

### 7.7 Helstu kostnaðarliðir

Helsti kostnaðarliður í smásöluverslun er almennt kostnaðarverð seldra vara (KSV). Hér á eftir eru teknar saman kostnaðartölur eins og þær birtast í uppgjörum viðkomandi félaga. Ákveðin þjónusta er seld á milli félaga innan samstæðu Festi. Hefur ekki verið tekið tillit til jöfnunarfærslna í þessum kafla. Á það ekki að hafa teljandi áhrif á þær meginlínur sem hér birtast. Miðað er við nýjustu ársreikninga félagsins.

#### 1. Sala á dagvöru í dagvöruverslunum

Helstu kostnaðarliðir í rekstri Krónunnar (þ.e. verslana Kjarvals og Krónunnar) eru eftirfarandi (trúnaðarmál):

[...]¹⁷

#### 2. Helstu kostnaðarliðir í rekstri N1

Stærstu kostnaðarliðir N1 eru eftirfarandi (í milljörðum):

[...]¹⁸

Er kostnaðurinn nánar sundurliðaður í hjálögðum ársreikningum. Endurspeglar þessi skipting alla helstu þætti í starfsemi N1 og ættu hlutföllin að vera sambærileg fyrir alla þá markaði sem skilgreindir hafa verið hér á undan. Erfitt væri að úthluta nákvæmlega kostnaði á einstaka landfræðilega markaði enda ekki alltaf skýrt hvernig miðlægur kostnaður skiptist á milli einstakra rekstrarþátta. Gerir N1 ekki alla rekstrarþætti upp sérstaklega og því ekki til nákvæmar kostnaðartölur fyrir alla þætti í starfsemi N1.

#### 3. Sala á rafvörum

---

¹⁵ Trúnaðarmál

¹⁶ Trúnaðarmál

¹⁷ Trúnaðarmál

¹⁸ Trúnaðarmál

Helstu kostnaðarliði í rekstri Elko eru eftirfarandi (milljarðar) (trúnaðarmál):

[...]¹⁹

Tekið skal fram að uppgjörsárið 2014 var 14 mánuðir.

#### 4. Útleiga á atvinnuhúsnæði

Helstu kostnaðarliðir í rekstri Festi fasteigna og Höfðaeigna eru eftirfarandi (trúnaðarmál):

[...]²⁰

Tekið skal fram að uppgjörsárið 2014 var 14 mánuðir. Er um að ræða samanlagðar kostnaðartölu félaganna.

#### 5. Vöruhús

helstu kostnaðarliðir í starfsemi Bakkans eru eftirfarandi (trúnaðarmál):

[...]²¹

Tekið skal fram að uppgjörsárið 2014 var 14 mánuðir.

## **Kafli 8 – Almenn skilyrði á mörkuðum þar sem áhrifa gætir**

### **8.1 Stærstu birgjar samrunaaðila**

Hér á eftir verður gerð grein fyrir stærstu birgjum helstu rekstrareininga samrunaaðila og hlutdeild þeirra í heildarinnkaupum. Hér á eftir fara að einhverju leyti ítarlegri upplýsingar en áskilið er í reglum um tilkynningu samruna að veita skuli. Er því ætlað að veita gleggri mynd af starfsemi samrunaaðila.

#### 1. Sala á dagvöru í dagvöruverslunum

Helstu birgjar Krónunnar voru eftirfarandi 2016 (trúnaðarmál):

[...]²²

#### 2. Birgjar N1

Helstu birgjar N1 eru eftirfarandi (trúnaðarmál):

[...]²³

Kostnaðarverð seldra vara á árinu 2016 var 22,7 milljarðar samkvæmt ársreikning N1. Stærstu dagvörubirgjar N1 eru eftirfarandi m.v. sama tímabil:

---

¹⁹ Trúnaðarmál

²⁰ Trúnaðarmál

²¹ Trúnaðarmál

²² Trúnaðarmál

²³ Trúnaðarmál

[...]²⁴

Svo sem sjá má er þorri veltu N1 í dagvöru tilkominn vegna tóbaks og goss. Er Mjólkursamsalan sá dagvörubirgi sem samrunaaðilar eiga helstan sameiginlegan. Ölgerðin er einnig á meðal stærstu birgja beggja félaga en innkaup samrunaaðila frá Ölgerðinni eru ólík. Í þessu samhengi er rétt að áréttast að Ölgerðin hefur sameinast stórum dagvörubirgjum og selur því ekki aðeins gosdrykki.

Ekki er mælt fyrir um það í reglum um tilkynningu samruna að veita skuli upplýsingar um birgja eftir mörkuðum. Að mati samrunaaðila er óþarfi að rekja ítarlegar birgja N1 en sé óskað eftir frekari upplýsingum þar að lútandi verða þær fúslega veittar.

### 3. Raftækjum

Stærstu birgjar Elko voru eftirfarandi á árinu 2016 [trúnaðarmál]:

[...]²⁵

Kaupir Elko einnig mikið af Senu en kaupin skiptast á milli Senu heildsölu ehf. og Senu ehf. Yrðu þau lögð saman næðu kaupin 4,6% af heildarinnkaupum.

### 4. Útleiga á atvinnuhúsnæði og vöruhúsaþjónusta

Festi fasteignir, Höfðaeignir og Bakkinn hafa ekki birgja í hefðbundnum skilningi. Fasteignafélagin leigja út fasteignir sem þau eiga en Bakkinn selur þjónustu í vöruhúsi sem ekki er keypt af neinum öðrum. Kaup fasteignafélaganna á fasteignum eru skuldbætt að hluta og því mætti hugsanlega segja að lánadrottinn þeirra séu birgjar. Eðlilegast er þó að líta svo sem þessi liður eigi ekki við í tilviki útleigu á atvinnuhúsnæði. Er fullnægjandi grein gerð fyrir helstu birgjum Festi í umfjöllun um Krónuna og Elko.

Með sama hætti verður varla litið svo á að sérstakir birgjar séu að þeirri vöruhúsaþjónustu sem N1 veitir Bílanausti.

## 8.2 Helstu dreifileiðir og þjónustukerfi á mörkuðum þar sem áhrifa gætir

Fyrir smásölustarfsemi samrunaaðila eru dreifileiðir og þjónustukerfi almennt sambærileg. Eldsneyti lítur að einhverju leyti sérstökum lögmálum þar sem þörf er á sérstökum birgðastöðvum auk þess sem eldsneyti hefur mjög langt geymsluþol, sér í lagi í samanburði við matvöru.

### 1. Sala á dagvöru í dagvöruverslunum

Festi dreifir vörum úr vöruhúsi sínu Bakkanum til verslana Krónunnar og Kjarvals. Eitthvað er einnig um að vörur sé keyptar beint af birgjum í einstakar verslanir. Skiptir það sérstaklega miklu máli með ferskvöru að hún berist fljótt í verslanir. Þá tíðkast einnig að gosframleiðendur fylli sjálfir á goskæla og að kjúklingaframleiðendur annist aðstöðu fyrir grillaða kjúklinga svo dæmi séu nefnd.

### 2. Sala á vörum á eldsneytisafgreiðslum

²⁴ Trúnaðarmál

²⁵ Trúnaðarmál

N1 dreifir ekki eldsneyti á eigin stöðvar heldur kaupir þjónustu Olíudreifingar til þess. Aðrar vörur eru fluttar með vörubílum flutningsmiðlana. Flutningur á eldsneyti til Íslands fer fram á vegum eldsneytissala.

### *3. Raftækjum*

Elko kaupir raftæki að utan aðallega frá Elkjöp Noregi en einnig fá innlendum birgjum. Vörunum er dreift úr vöruhúsi Bakkans í verslanir Elko og til viðskiptavina beint kjósi þeir að panta í gegnum vefverslun félagsins.

### *4. Rekstrarvörur*

Rekstrarvara og vörur sem seldar eru á verkstæðum eru fluttar með vörubifreiðum um land allt. Þjónusta er veitt á verkstæðum um land allt. Verður verkstæðisþjónusta ekki flutt auðveldlega þannig að þeir sem æskja þjónustu þurfa jafnan að koma sér eða ökutæki sínu á verkstæði N1.

### *5. Útleiga á atvinnuhúsnæði*

Ekki er beinlínis hægt að tala um sérstakar dreifileiðir á markaðnum fyrir útleigu á atvinnuhúsnæði. Það má þá endurtaka það sem fram hefur komið að almennt annast óháðar leigumiðlanir að leiða saman leigusala og leigutaka auk þess sem eignir til leigu eru auglýstar með opinberum hætti.

### *6. Vöruhúsaþjónusta*

Ekki er beinlínis hægt að tala um sérstakar dreifileiðir á markaðnum fyrir vöruhúsaþjónustu. Eins og fram hefur komið heldur Bakinn aðeins úti heimasíðu þar sem fram kemur hvaða þjónustu félagið veitir. Hafa samrunaaðilar ekki sóst eftir því að veita þjónustu á þessu sviði með virkum hætti. Þeir sem veita vöruhúsaþjónustu auglýsa hana gagnvart fyrirtækjum sem þurfa vöruhúsaþjónustu.

## **8.3 Afkastageta**

Samrunaaðilar hafa litla sem enga eigin framleiðslu og því er erfitt að tala um afkastagetu sem slíka hvað samrunaaðila varðar almennt. Hér á eftir verður afkastagetu samrunaaðila lýst með almennum hætti.

### *1. Sala á dagvöru í dagvöruverslunum*

Dagvöruverslanir Krónunnar þola vel aukið álag. Almennt er nægt hillupláss og nægilega margir afgreiðslukassar til þess að anna auknu álagi í verslunum allan ársins hring. Aukist viðskipti verulega í einstökum verslunum er stundum þörf á því að ráða nýtt starfsfólk. Yfirleitt eru aðstæður þannig að það gengur greiðlega að finna fólk.

### *2. Sala á vörum á eldsneytisafgreiðslum*

Almennt gæti N1 afgreitt meira eldsneyti á afgreiðslustöðum félagsins. Eru afgreiðslurnar mis umsetnar eftir tíma sólarhringsins og árstíma. Þar sem sjálfsalar eru á flestum stöðvum er yfirleitt mögulegt að auka töluvert selt magn án þess að ráða fleiri starfsmenn. Það getur þó orðið nauðsynlegt til þess að viðhalda þjónustustigi og afgreiðsluhraða.

### *3. Sala á rafvörum*

Sama á við um Elko og Krónuna. Almennt er svigrúm til þess að afgreiða fleiri viðskiptavinum en bæta þarf við starfsfólki eftir atvikum.



#### 4. Rekstrarvörur

Almennt er ágæt nýting á verkstæðum N1 og ekki mikið svigrúm til þess að bæta við verkefnum. Safnast stundum upp töluverður listi pantana sem getur tekið nokkra daga að greiða úr. Ekki væri ófyrstíganlegt að afgreiða meira af rekstrarvöru á eldsneytisafgreiðslum en hugsanlega þyrfti að bæta við starfsfólki.

#### 5. Útleiga á atvinnuhúsnæði

Ágæt nýting er á atvinnuhúsnæði í eigu Festi sem er að meginstefnu til alls í útleigu. Ekki er auðvelt fyrir Festi að bæta við sig fleiri leigutökum nema kaupa eða byggja nýtt leiguhúsnæði. Almennt er eitthvað um framkvæmdir þannig að hægt og rólega eykst framboð á atvinnuhúsnæði. Eðli málsins samkvæmt er mismikið framboð eftir svæðum.

#### 6. Vöruhúsaþjónusta

Ágæt nýting er á húsnæði Bakkans líkt og fram hefur komið og getur félagið ekki bætt við sig viðskiptavinum. N1 hefur ekki sóst eftir viðskiptum þriðju aðila í vöruhúsaþjónustu.

### 8.4 Aðrir þættir framboðs

Hefur þegar verið tæpt á öllum helstu atriðum sem varða framboð á þeim vörum og þeirri þjónustu sem hér er um að ræða. Rétt er þó að fara nokkrum almennum orðum um aðra áhrifaþætti framboðs.

Almennt má segja að fjölgun ferðamanna á Íslandi hafi haft áhrif til þess að auka eftirspurn eftir dagvöru og eldsneyti.

Gengi gjaldmiðla hefur áhrif á verð innfluttra vara. Þegar krónan er sterk er verð á innfluttum vörum lægra og því gjarnan augin eftirspurn eftir innfluttum vörum. Viðskiptavinir dagvöruverslana hætta ekki að versla þegar krónan veikist en velja þá frekari ódýrari kost.

Að sama skapi breytast hlutfallsleg verð á milli innlendrar og innfluttrar matvöru þegar breytingar verða í gengi. Getur því framboð í dagvöruverslunum breyst að einhverju leyti til samræmis.

Ávallt eru einhverjar tískusveiflur í dagvöruverslun t.d. vegna nýrra hugmynda um hollt mataræði eða vegna áróðurs lýðheilsuyfirvalda gegn einstökum vörum. Þá var lagður á sykurskattur til skamms tíma til þess að freista þess að draga úr sykurneyslu.

Þá hafa stjórnvöld hér á landi valið að skattleggja eldsneyti mjög mikið m. a. til þess að hafa áhrif á neyslu.

Loks ber að nefna að innlendir landbúnaður býr að ýmiskonar vernd sem gerir það að verkum að erfitt er fyrir dagvöruverslanir að bjóða upp á fjölbreytt úrval af erlendri ferskvöru, aðallega kjöti og ostum. Takmarkar þetta að nokkru leyti úrval, sér í lagi hvað varðar gæðavörur.

### 8.5 Stærstu viðskiptavinir aðila

Hér á eftir verða tíundaðir tíu stærstu viðskiptavinir félaganna. Tekið skal fram að Elko og Krónan eru smásöluverslanir. Er viðskiptavinahópur félaganna því afar dreifður. Hið sama á við um smásölu N1 á eldsneyti.

#### 1. Sala á dagvöru í dagvöruverslunum

Á vegum Festi eru reknar dagvöruverslanir. Eitt einkenna slíkra verslana er að þar eiga sér stað staðgreiðsluviðskipti. Það er því í reynd ómögulegt fyrir Festi að leggja á það mat hversu mikil viðskipti einstakir viðskiptamenn kunna að eiga við verslanirnar.

## 2. Stærstu viðskiptavinir N1

Eldsneytissala og sala á rekstrarvöru er að einhverju leyti staðgreiðsluviðskipti og því ekki hægt að tilgreina hverjir eru stærstu viðskiptavinir N1. Einnig á N1 í reikningsviðskipum við stærri félög. Stærstu viðskiptavinir N1 miðað við það eru:

[...] <sup>26</sup>

## 3. Raftæki

Sala í verslunum ELKO er að verulegu leyti staðgreiðsluviðskipti og einstök viðskipti til einstaklinga. Ekki er um það að ræða að ELKO eigi í verulegum viðskiptum við fyrirtæki eða stóra viðskiptavini sem kaupi reglulega mikið magn af vörum ELKO. Er því þýðingarlaust að tilgreina sérstaklega stærstu viðskiptavini ELKO.

## 4. Útleiga á atvinnuhúsnæði

Svo sem fram hefur komið eru stærstu viðskiptavinirnir önnur félög innan samstæðu Festi. Stærstu leigutakar fasteignafélaga Festi eru eftirfarandi:

[...] <sup>27</sup>

## 5. Vöruhúsaþjónusta

Svo sem fram hefur komið selur Bakkinn aðeins Byko vöruhúsaþjónustu og N1 aðeins Bílanausti. Þegar hefur verið gerð grein fyrir tekjum N1 af sölu til Bílanausts. Er ekki hægt að greina tekjur af sölu á vöruhúsaþjónustu til N1 með sama hætti þar sem ekki er greitt sérstaklega fyrir hana. Á fyrra hluta ársins 2017 stóð Byko undir um [...] <sup>28</sup>% af tekjum Bakkans. Nær allar aðrar tekjur félagsins stöfuðu frá systurfélögum Bakkans.

### 8.6 Eftirspurn á markaðnum

Þegar hefur verið getið um stærstu viðskiptavini samrunaaðila. Smásalar á borð við samrunaaðila eiga í viðskiptum við þúsundir viðskiptavina á ári hverju.

#### 1. Sala á dagvöru í dagvöruverslunum

Dagvöruverslun er í grundvallaratriðum til þess að gera mettuð. Ætla verður að nægilegt framboð sé af dagvöru á Íslandi og að ekki verði mikil aukning í starfsemi á komandi árum. Það er þó ekki svo að dagvöruverslun sé stöðnuð þar sem töluvert er um nýjungar í takt við breyttar þarfir neytenda og lífsmynstur. Á undanförunum árum hefur framboð heilsufæðis og tilbúinna rétta ýmis konar til að mynda aukist mjög mikið.

---

<sup>26</sup> Trúnaðarmál

<sup>27</sup> Trúnaðarmál

<sup>28</sup> Trúnaðarmál

Almennt má segja að viðskiptavild skipti töluverðu máli fyrir dagvöruverslanir. Það er að segja það skiptir máli að dagvöruverslanir tileinki sér áherslur sem falla viðskiptavinum í geð þannig að þeir viti að hverju þeir gangi og vilji koma aftur.

Neytendur eru afar ólíkir og fjölbreyttir. Hefur Krónan lagt mikla áherslu á lág verð en einnig ferskleika og úrval. Selur Kjarval töluvert af vörum á sama verði og Krónan. Til stendur að breyta vörumerkinu Kjarval í Kr. Að þeim breytingum gerðum munu enn fleiri vörur verða seldar í þessum verslunum á sama verði og í Krónunni.

Erfitt er að draga upp mynd af tilteknum dæmigerðum viðskiptavin þar sem þeir eru mjög ólíkir en eðli málsins samkvæmt er stór hluti viðskiptavinanna sá hópur sem geðjast að áherslum verslananna.

Almennt er gera dagvöruverslanir ekki einkakaupasamninga eða langtímasamninga við sína viðskiptavini.

Eftirspurn opinberra aðila skiptir ekki teljandi máli á markaðnum.

## *2. Sala á vörum á eldsneytisstöðvum*

Markaðurinn fyrir sölu á eldsneyti er til þess að gera mettaður. Á undanförnum árum hefur fjöldi bifreiða aukist og ferðamönnum á Íslandi fjölgað. Hefur heildareftirspurn eftir eldsneyti af þessum sökum aukist.

Ýmsir nýir orkugjafar hafa verið að ryðja sér til rúms jafnt hér á landi og erlendis. Hefur framboð af rafmagnsbílum t.a.m. aukist til muna. Einnig er í boði metan sem eldsneyti á bifreiðar sem eru rétt útbúnar en það hefur ekki reynst ýkja vinsælt.

Olíufélög hér á landi keppast um að afla sér tryggðar viðskiptavina sinna m.a. með þar til gerðum afsláttarkerfum. Hefur N1 til að mynda boðið upp á N1 kort sem veitir margvísleg fríðindi til handa viðskiptavinum félagsins. Ætla verður að almennt sé vörumerkja tryggð ekki mjög mikil og að viðskiptavinir láti aðra þætti en vörumerki ráða því hvar þeir versla helst.

Neytendur eru almennt sundurleitir og ólíkur hópur. Segja má að íbúar landsbyggðarinnar, atvinnubílstjórar, ferðamenn og íbúar höfuðborgarsvæðisins séu að einhverju leyti ólíkir hópar viðskiptavina án þess að hægt sé að fullyrða að einn hópur öðrum fremur sé dæmigerður fyrir viðskiptavinum N1. Er innkaupamynstur þessara hópa ólíkt. Gagnvart útgerðum og flugfélögum háttar svo öðruvísi til. Þar er um að ræða mjög kröfuharða viðskiptavini sem leggja mikla áherslu á lág verð og gera kröfu um tímanlega afhendingu.

N1 gerir almennt ekki samninga um einkadreifingu eða langtímasamninga við viðskiptavini. Hafa slíkir samningar mjög takmarkað vægi sérstaklega gagnvart almennum viðskiptavinum félagsins. Almennt vilja útgerðir og flugfélög semja til nokkurs tíma í senn til þess að tryggja sér ákveðin afslátt.

Eftirspurn opinberra aðila skiptir ekki teljandi máli á markaðnum.

## *3. Raftæki*

Eftirspurn eftir raftækjum hefur aukist jafnt og þétt á undanförnum árum. Margvíslegar framfarir í gerð raftækja hefur leitt af sér nýjar gerðir tækja þar sem eru t.d. snjallsímar,

spjaldtölvur, snjallúr og ýmislegt fleira. Sér í sjálfu sér ekki fyrir endann á framförum í raftækjum að þessu leyti.

Á sama tíma hefur orðið veruleg breyting í því hvernig fólk kaupir raftæki þar sem margir velja að kaupa fyrst og fremst á netinu eða skoða hlutina í búð og leita svo eftir hagstæðara verði á netinu. Hefur það haft umtalsverð áhrif á það hvernig raftæki eru seld í heiminum. Eru hægt að finna mikinn fjölda vefverslana sem selja raftæki og senda hvert sem er í heiminum á netinu.

Vegna framangreinds er lítilli viðskiptavild fyrir að fara og eru viðskiptavinir almennt tilbúnir að leita annað ef þeir telja hagsmunum sínum betur borgið. Elko hefur um árabil boðið fram hagstæð verð á raftækjum sem hefur leitt til þess að félagið hefur sterka stöðu í huga fólks.

Raftæki eru keypt af fólki á öllum aldri og vegna ólíkra þarfa. Segja má að Elko selji allt frá búáhöldum til lífstílstækja og eru viðskiptavinirnir því afar breiður og ólíkur hópur. Verður varla fullyrt að einhver sérstakur hópur viðskiptavina einkenni Elko öðrum fremur.

Elko selur almennt ekki raftæki í einkadreifingu eða á grundvelli langtímasamninga.

Eftirspurn opinberra aðila skiptir ekki teljandi máli á markaðnum.

#### *4. Rekstrarvörur*

Líkt og fram hefur komið hefur bifreiðum fjölgað á landinu. Af þeim sökum hefur orðið vöxtur í sölu á rekstrarvöru bifreiða og ýmis konar þjónustu við bifreiðar. Almennt er þó ekki um vaxtarmarkað að ræða.

N1 flytur inn og selur gæðavörur sem margir þekkja sem slíkar. Njóta Michelin hjólbarðar m.a. viðurkenningar af kunnáttumönnum um dekk. Hefur það áhrif á sölu þessara vara að gæði þeirra eru þekkt. Allt að einu er mikið framboð af rekstrarvöru fyrir bifreiðar og má fá ýmsar tegundir hér á landi af ólíkum gæðum og ólíkum verðum.

Hugsanlega mætti skipta viðskiptavinum hér með sama hætti og varðandi eldsneytiskaup af því frátöldu að almennt sinna bílaleigur viðhaldi á bílum en ekki ferðamenn. Það er þannig að allir bíleigendur þurfa með reglulegum hætti að sinna viðhaldi á sínum bílum ætli þeir að halda áfram rekstri þeirra. Er því varla mikill munur á bifreiðaeigendum þegar kemur að kaupum á rekstrarvöru og þjónustu.

Ekki tíðkast að gerðir séu samningar um einkadreifingu eða annars konar langtímasamningar um rekstrarvöru fyrir bifreiðar.

Eftirspurn opinberra aðila skiptir ekki teljandi máli á markaðnum.

#### *5. Útleiga á atvinnuhúsnæði*

Markaðurinn fyrir atvinnuhúsnæði hefur vaxið hægt og rólega á undanförunum árum. Sé litið lengra til baka má segja að hann hafi stækkað mjög mikið samfara aukinni vélvæðingu í landbúnaði og sjávarútvegi og fjölgun sérhæfðra skrifstofustarfa. Er ekki útilokað að sú þróun haldi að einhverju leyti áfram auk þess sem íbúum landsins er enn að fjölga og hlutfallslega fleiri búa í þéttbýli. Má því reikna með því að markaðurinn muni stækka eitthvað enn.

Almennt er engin viðskiptavild á markaðnum fyrir útleigu á atvinnuhúsnæði. Eiginleikar viðkomandi húsnæðis skipta væntanlega leigutaka yfirleitt mestu máli. Verð og staðsetning eru þar alla jafna stærstu áhrifabættirnir.

Verslanir Festi eru dæmigerðir viðskiptavinir fasteignafélaga Festi enda leigja þær um helming útleigjanlegs rýmis. Önnur rými eru einnig smásölurými og því eru smásöluverslanir almennt líklegustu leigutakarnir.

Þegar húsnæði er leigt tíðkast að gera samninga til nokkurs tíma í senn. Ræðst það af ýmsu til hversu langs tíma er samið í hvert og eitt sinn, m.a. þeim kostnaði sem lagt er í til þess að umbreyta húsnæðinu fyrir þarfir viðkomandi leigutaka í upphafi.

Eftirspurn opinberra aðila skiptir ekki teljandi máli á markaðnum hvað varðar Festi sérstaklega enda leigir Festi lítið af skrifstofuhúsnæði og opinberir aðilar leigja lítið af verslunarhúsnæði.

#### 6. Vöruhúsaþjónusta

Samrunaaðilar þekkja fyrst og fremst eigin eftirspurn eftir vöruhúsaþjónustu þar sem þeir stunda enga virka sölustarfsemi. Hefur einkaneysla aukist á Íslandi á undanförunum árum og samfara hefur aukist þörfin fyrir vöruhúsaþjónustu. Þar sem um er að ræða þjónustu sem fyrirtæki kaupa er lítil vörumerkjaþryggð á markaðnum. Svo sem fram hefur komið eru helstu viðskiptavinir samrunaaðila að þessu leyti Byko og Bílanaust. Er ólíklegt að viðskiptavinum samrunaaðila muni fara fjölgandi enda er engin áhersla lögð á þessa starfsemi til 3ja aðila af hálfu samrunaaðila. Samningar samrunaaðila við Byko og Bílanaust eru til nokkuð langs tíma enda nauðsynlegt að fyrirsjáanleiki ríki um lagerhald hjá fyrirtækjum sem þurfa að eiga vörur til þegar eftir þeim er óskað.

### 8.7 Nýir aðilar á markaði

Mismikil nýliðun hefur verið á þeim mörkuðum sem samrunaaðilar starfa á en hún hefur þó verið nokkur á flestum mörkuðum málsins.

#### 1. Sala á dagvöru í dagvöruverslunum

Á undanförunum árum hefur verið nokkuð um nýja aðila í sölu á dagvörum. Þar sem nefna verslanir Víðis og Iceland sem hafa nýlega verið stofnaðar og náð töluverðri fótfestu sem og verslun Kots. Þá voru verslanir 10-11 seldar frá Högum og tóku þær í kjölfarið yfir dagvörusölu á eldsneytissölustöðum Skeljungs. Má því segja að nokkur gerjun hafi verið á þessum markaði á undanförunum árum. Hér má einnig nefna verslunina Kost.

Á undanförunum árum hafa einnig ýmsir minni aðilar opnað sérstakar verslanir sem selja og flytja inn vörur sem miða sérstaklega að tilteknum hópi viðskiptavina. Hér má nefna verslunina Istanbul Market í Síðumúla sem leggur áherslu á tyrkneskar vörur. Með sama hætti eru til verslanir sem leggja áherslu á pólskar vörur eða asískar vörur. Markaðshlutdeild þessara verslana er sjálfsagt lítil.

Þá verður ekki hjá því komist að nefna umtöluðust breytinguna á dagvörumarkaði á síðari árum, opnun verslunar Costco í Garðabænum. Miðað við fréttir af viðtökum verslunarinnar virðist sem neytendur hafi verið forvitnir um þessar verslun og að hún hafi þegar náð til sín allnokkurri markaðshlutdeild. Hefur Festi fengið gögn frá Rannsóknarsetri verslunarinnar sem benda til þess að markaðshlutdeild Costco kunni að vera um 6,5-7,0%.

Miðað við framangreint virðast vera möguleikar á inngöngu á markaðinn. Gangi Costco jafn vel og fregnir herma er ekki útilokað að fleiri erlendar smásölukeðjur freisti þess að hefja hér starfsemi.

## 2. Sala á vörum á eldsneytisstöðvum

Á Íslanda hafa N1, Olís og Skeljungur lengi verið stærstu olíufélög landsins. Hefur Atlantsolía veitt þeim þó nokkra samkeppni á undanförnum árum og náð til sín töluverðri markaðshlutdeild.

Verslun Costco í Garðabænum hefur einnig hafið sölu eldsneytis. Miðað við fréttáflutning virðist sem verslunin njóti töluverðra vinsælda, þ.m.t. eldsneytissala á vegum Costco. Virðist sem félagið hafi náð til sín nokkrum viðskiptum en erfitt er á þessum tímapunkti að áætla markaðshlutdeild. Svo sem getið var hér á undan hafa birst fregnir í fjölmiðlum um að markaðshlutdeild Costco á höfuðborgarsvæðinu kunni að vera allt að 15%.

## 3. Raftæki

Líkt og ítrekað hefur verið minnst á í samrunaskrá þessari fer mikið af raftækjasölu fram í gegnum netið. Er sibreytilegt hvar hægt er að kaupa vörur í gegnum vefverslanir en almennt senda vefverslanir hvert sem er í heiminum.

Hér á landi hefur ekki verið mikið um opnanir á stórum raftækjaverslunum á undanförnum árum. Þarf það ekki að koma á óvart í ljósi velgengni vefverslunar á þessu sviði. Almennt er dýrt að halda úti raftækjaverslunum þar sem þær þarf að manna og greiða húsnæði. Þá getur lager raftækja haft í för með sér töluverðan fjármagnskostnað. Hafa ýmsar vefverslanir verið stofnaðir hér á landi og erlendis á undanförnum árum með misjöfnum árangri.

## 4. Rekstrarvörur

Er ekki óalgennt að smærri verkstæði sinni ýmis konar einfaldri þjónustu svo sem hjólbarðaskiptum. Er einfalt að stofna slík verkstæði enda skiptir staðsetning húsnæðis ekki svo miklu máli.

Ekki þörf á sérhæfðri þekkingu til þess að keppa við stærri framleiðendur í sölu á efnavöru og rekstrarvöru fyrir bifreiðar. Almennt ætti hver sem er að geta aflað sér umboða til þess að flytja inn vörur af þessu tagi auk þess sem kaupa má vörurnar af innlendum endursöluaðilum.

## 5. Útleiga á atvinnuhúsnæði

Fyrirtæki sem starfa við útleigu á atvinnuhúsnæði eru af ýmsum stærðum og gerðum. Í sumum tilvikum eiga slík félög jafnvel bara eina fasteign á meðan aðrar hafa yfir að ráða hundruðum þúsunda fermetra af atvinnuhúsnæði. Er í sjálfu sér ekki erfitt að kaupa húsnæði eða byggja og hefja rekstur á þessum markaði. Það getur þó verið flókið fyrir félög að koma sér upp stóru safni fasteigna á góðum stöðum.

## 6. Vöruhúsaþjónusta

Samrunaaðilum er ekki kunngt um að nýir aðilar hafi haslað sér völl á þessum markaði. Vekja má athygli á því að töluvert er til af geymsluhúsnæði og enn hefur ekki allt landrými við Sundahöfn verið nýtt. Má því ætla að innganga á þennan markað sé vel möguleg.

# 8.8 Erlend fyrirtæki

Svo sem rakið hefur verið hefur eitt erlent fyrirtæki hafið starfsemi á dagvörumarkaði og í eldsneytissölu, Costco. Önnur erlend fyrirtæki starfa ekki á sömu mörkuðum og samrunaaðilar. Íslensk skip og flugvélar geta vitaskuld keypt eldsneyti og kost í erlendum höfnum en um slík viðskipti hafa samrunaaðilar engar upplýsingar. Loks starfa vefverslanir í sjálfu sér hvar sem er í heiminum. Er Elko að keppa við vefverslanir á borð við Amazon á degi hverjum auk þess sem Íslendingar kaupa sér gjarnan raftæki á ferðum sínum erlendis.

## 8.9 Aðgangur að markaði

Hér á eftir verður gerð frekari grein fyrir mögulegum aðgangshindrunum inn á þá markaði sem samrunaaðilar hafa skilgreint. Telja samrunaaðilar ekki ástæðu til þess að fjalla um önnur atriði en þau sem máli skipta í þessu samhengi. Almennt eru ekki stórvægilegar aðgangshindranir inn á markaði málsins.

### 1. Sala á dagvöru í dagvöruverslunum

Sala á dagvöru er í sjálfu sér einföld og þarf ekki að kosta miklu til svo hefja megi starfsemi á dagvörumarkaði. Sést það m.a. á því hversu margir aðilar hafa haslað sér völl á markaðnum á undanförnum árum.

Hins vegar felst nokkur stærðarhagkvæmni í því að reka fleiri en eina verslun þar sem ýmis miðlægur kostnaður dreifist þá á fleiri seldar einingar. Það virðist þó ekki hafa staðið öllum fyrir þrífum. Þannig hefur Kostur rekið eina verslun um árabil auk þess sem ekki er ólgengt að ýmsar hverfisverslanir séu reknar einar og sér t.d. Kjötborg og Melabúðin í Reykjavík og Jónsabúð á Grenivík.

Helsta vandamálið við að hefja starfsemi í smásöluverslun er sjálfsagt að finna hentugt húsnæði. Nægilega stórt húsnæði í alfaraleið er almennt ekki í boði hvar sem er. Gerir það þeim sem vilja opna dagvöruverslun sjálfsagt erfitt fyrir. Ekki er þörf á annars konar sérstakri aðstöðu þegar starfsemi hefst á dagvörumarkaði. Hillukerfi, kæla, kassakerfi og annað er auðvelt að afla.

Alla jafna eru ný hverfi skipulögð þannig að gert sé ráð fyrir ákveðnum fjölda verslana innan hverfis. Skapast þá tækifæri fyrir nýja aðila til þess að hasla sér völl. Í grónum hverfum getur verið erfiðara að finna verslunarhúsnæði.

Á undanförnum árum hefur þó verið talsverð uppbygging innan gróinna hverfa þar sem nýjar verslanir hafa sprottið upp ýmist í nýju húsnæði eða með breytingum á húsnæði sem fyrir var. Má hér nefna verslanir á Örfisey, verslun Bónus í Skipholti, verslun Víðis við Sólvallagötu og fleiri verslanir. Kann að þurfa að gera breytinga á deiliskipulagi sveitarfélaga svo koma megi fyrir nýjum verslunum. Á það í sjálfu sér alltaf við að það húsnæði sem atvinnustarfsemi er rekin í þarf að samræmast gildandi deiliskipulagi.

Skapa skipulagskvaðir eflaust mestu hindranir fyrir verslanir sem vilja bjóða upp á mikið úrval og þurfa því mikið pláss enda oft vandkvæðum bundið að finna pláss í grónum hverfum. Í Reykjavík hefur verið áhersla á þéttingu byggðar á undanförnum árum þannig að vænta má þess að minna verði um uppbyggingu nýrra hverfa. Má ætla að það kalli á meiri útsjónarsemi af hálfu smásala við að verða sér út um húsnæði.

Lög og reglur gera aðgang að markaðnum í sjálfu sér ekki erfiðara en gengur og gerist þó að afla þurfi ýmis konar leyfa. Almennt verður ekki litið þannig á að þar sé um aðgangshindrun að ræða. Að sama skapi eru engin sérstök einkaleyfi, hugverkaréttindi, nytjaleyfi eða annað sem takmarka innkomu nýrra aðila á markaðinn.

Samrunaaðilar þekkja þessi ekki dæmi að erfitt sé að kaupa vörur til endursölu af birgjum. Almennt er ekki við því að búast að nýir aðilar ættu í vandræðum með að afla aðfanga þó að þeir kynnu að þurfa að sætta sig við styttri greiðslufresti og lægri afslætti en keppinautarnir, a.m.k. til að byrja með.

Mögulega gæti sterk staða Haga komið í veg fyrir innkomu nýrra aðila. Hafa verslanir Haga víða tryggt sér besta verslunarhúsnæðið auk þess sem félagið býr yfir öflugum dreifikerfi og hagkvæmum birgjasamningum. Getur það gert minni keppinautum erfitt fyrir.

## *2. Sala á vörum á eldsneytisstöðvum*

Samrunaaðilar telja engin sérstök vandkvæði á því að afla eldsneytis til endursölu hér á landi. Hafa nokkrir aðilar hafið hér starfsemi eða óskað tilboða frá N1. Hefur N1 alltaf gert tilboð þegar eftir því hefur verið leitað. Virðist Costco t.a.m. ekki hafa lent í teljandi vandræðum með að afla sér eldsneytis til endursölu.

Höfuðvandkvæðin við að hefja starfsemi í smásölu á eldsneyti felast sennilega í því að koma sér upp eldsneytisafgreiðslu. Stærsta sveitarfélag landsins hefur tekið fyrir að veita leyfi fyrir nýjum eldsneytisafgreiðslum sem takmarkar mjög möguleika nýrra aðila. Costco sem nýlega hefur hafið starfsemi leitaði á náðir Garðabæjar og fékk þar heimild fyrir allstórri eldsneytisafgreiðslu.

Lög og reglur gera aðgang að markaðnum í sjálfu sér ekki erfiðari en gengur og gerist þó að afla þurfi ýmis konar leyfa og gerðar séu strangar öryggiskröfur til eldsneytisstöðva. Almennt verður ekki litið þannig á að þar sé um aðgangshindrun að ræða. Að sama skapi eru engin sérstök einkaleyfi, hugverkaréttindi, nytjaleyfi eða annað sem takmarkar innkomu nýrra aðila á markaðinn.

Þær opinberu kröfur sem gerðar eru til eldsneytis bitna með sambærilegum hætti á öllum fyrirtækjum og er því ekki ástæða til þess að ætla að þær dragi verulega úr samkeppni á markaðnum. Kostnaðarbinding í búnaði er vissulega mikil þegar gerðar eru miklar kröfur til búnaðarins en almennt verður ekki ætlað að kostnaður sé þannig að hann torveldi óhæfilega innkomu nýrra aðila á markaðinn. Aukinheldur þarf að fullnægja kröfunum á öllum stöðvum þannig að kostnaðurinn leggst líklega jafn þungt á alla aðila.

Lög og reglur gera aðgang að markaðnum í sjálfu sér ekki erfiðari en gengur og gerist þó að afla þurfi ýmis konar starfs- og rekstarleyfa og gerðar séu strangar öryggiskröfur um mengunarbúnað til eldsneytisstöðva. Almennt verður ekki litið þannig á að þar sé um aðgangshindrun að ræða. Að sama skapi eru engin sérstök einkaleyfi, hugverkaréttindi, nytjaleyfi eða annað sem takmarkar innkomu nýrra aðila á markaðinn.

Eldsneytisafgreiðslustöðvar eru starfsleyfis skyldar í samræmi við efnalög nr. 61/2013, lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir sem og lög nr. 93/1995 um matvæli (eftir atvikum) ásamt öðrum lögum og reglugerðum sem um starfsemina gilda á hverjum tíma. Svo



sem reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi ásamt reglugerð 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Eru starfs- og rekstarleyfi gefin út fyrir hverja stöð fyrir sig í samræmi við starfsemi, hvort sem um er að ræða eingöngu eldsneytisfgreiðslu eða eldsneytis og veitingaþjónusta. Svo sem sjá má víða um land þá er mögulegt að setja upp mjög einfaldar eldsneytisstöðvar með sjálfsölum í samráði við og með samþykki frá viðkomandi Heilbrigðiseftirliti og lóðaeiganda. Þess má svo geta að eldsneytisdælur eru löggiltar og þarf því Neytendastofa að taka út búnaðinn.

Þá þarf einnig að fullnægja ákvæðum reglugerðar 960/2016 um gæði eldsneytis, reglugerðar nr. 124/2015 um brennisteinsinnihald í tilteknu fljótandi eldsneyti og fullnægja skilyrðum um hlutfall endurnýjanlegs eldsneytis sbr. l. nr. 40/2013 um endurnýjanlegt eldsneyti í samgöngum á landi.

Þar sem seldur er matur er einnig þörf á tilteknum leyfum í samræmi við lög nr. 93/1995 ásamt öðrum lögum og reglugerðum sem gilda á hverjum tíma. Eru nokkur stig matsölu og veitingaleyfa þar sem gerðar eru misjafnar kröfur til aðbúnaðar eftir eðli framreiðslunnar. Eru þessi leyfi ekki mjög íþyngjandi.

Framangreindu fylgir eftirlit þar sem heilbrigðiseftirlit, Umhverfisstofnun, Neytendastofa, Vinnueftirlit og aðrir opinberir aðilar fylgjast með því að skilyrðum starfsleyfa sé fullnægt með árlegum úttektum á starfseminni. Fylgir eftirlitinu einhver kostnaður en hann verður varla álitinn svo hár að hann hamli inngöngu á markaðinn.

### 3. Raftæki

Ekki fellur til stórkostlegur kostnaður við að hefja starfsemi í sölu á raftækjum. Fyrir hefðbundna verslun þarf í reynd fyrst og fremst húsnæði sem almennt er hægt að leigja af fasteignafélögum. Mögulega er erfitt að fá leigt húsnæði á hentugum stað um þessar mundir enda er töluverð eftirspurn eftir verslunarhúsnæði.

Erlendir raftækjaframleiðendur gera almennt ekki einkakaupasamninga heldur selja hverjum sem er og er því auðvelt að flytja inn vörur til endursölu. Innlendir umboðsaðilar fyrir einstök merki selja að sama skapi jafnan hverjum sem þess óskar.

Enn einfaldara er að opna vefsverslun en þá þarf hugsanleg aðeins lagerhúsnæði fyrir söluvörur. Mögulega yrði kostnaðurinn við lagerhald almennt aðalkostnaðurinn við rekstur á raftækjaverslun.

Lög og reglur gera aðgang að markaðnum í sjálfu sér ekki erfiðari en gengur og gerist þó að afla þurfi ýmis konar leyfi. Almennt verður ekki litið þannig á að þar sé um aðgangshindrun að ræða. Að sama skapi eru engin sérstök einkaleyfi, hugverkaréttindi, nytjaleyfi eða annað sem takmarkar innkomu nýrra aðila á markaðinn.

### 4. Rekstrarvörur

Einfalt er að opna lítið verkstæði til þess að sinna smáviðgerðum. Þarf ekki að kosta miklu til í tækjum þar sem einföld tæki þarf til smærri viðgerða. Almennt eru smáverkstæði staðsett fjarri hefðbundnum verslunum og er leiguverð þar jafnan lægra. Verður að ætla að almennt sé auðvelt að afla hentugs húsnæðis. Með sama hætti er til töluvert af dekkja- og

efnavöruframleiðendum í heiminum sem afla mætti aðfanga frá auk þess sem einfalt er að afla aðfanga af hérlendum endursöluaðilum.

Lög og reglur gera aðgang að markaðnum í sjálfu sér ekki erfiðara en gengur og gerist þó að afla þurfi ýmis konar leyfi. Almennt verður ekki litið þannig á að þar sé um aðgangshindrun að ræða. Að sama skapi eru engin sérstök einkaleyfi, hugverkaréttindi, nytjaleyfi eða annað sem takmarka innkomu nýrra aðila á markaðinn.

#### *5. Útleiga á atvinnuhúsnæði*

Mörg ólík félög eru á markaðnum fyrir útleigu á atvinnuhúsnæði líkt og fram hefur komið. Í sjálfu sér er ekki flókið að kaupa fasteign til útleigu. Ákveðin stærðarhagkvæmni felst í því að eiga margar fasteignir þar sem ná má betri kjörum á lánum þegar fyrir hendi er stórt safn fasteigna með fjölda leigutaka. Þá skapast einnig tækifæri til þess að dreifa miðlægum kostnaði á fleiri einingar.

Lög og reglur gera aðgang að markaðnum í sjálfu sér ekki erfiðara en gengur og gerist. Almennt verður ekki litið þannig á að þar sé um aðgangshindrun að ræða. Að sama skapi eru engin sérstök einkaleyfi, hugverkaréttindi, nytjaleyfi eða annað sem takmarka innkomu nýrra aðila á markaðinn.

#### *6. Vöruhús*

Líkt og fram hefur komið er enn til óbyggt land við Sundahöfn þar sem byggja má geymsluhúsnæði. Eru einnig til vöruhús sem nýta mætti til þess að selja þjónustu til þriðja aðila. Eru takmarkaðar aðgangshindranir á markaðinn almennt. Til þess að bjóða upp á sérhæfða þjónustu, t.d. geymslu á kæli- eða frystivörum, þarf mögulega að leggja út í kostnað sem ekki er að öllu leyti endurheimtanlegur þegar starfsemi er hætt.

### **8.10 Rannsóknir og þróun**

Á þeim mörkuðum sem aðilar starfa er almennt litið um rannsóknir og þróun á vegum samrunaaðila eða keppinauta þeirra. Erlendir birgjar samrunaaðila starfa hins vegar að rannsóknum og þróun og verja jafnvel háum fjárhæðum í slíka starfsemi.

Hefur sú starfsemi takmörkuð áhrif á starfsemi aðila hér á landi þó að eðli málsins samkvæmt skili nýjungar sér hingað. Í rekstri Elko er sérstaklega mikilvægt að fylgjast með tækninýjungum þar sem erfitt er að selja raftæki sem byggja á úreldri tækni. Innan Festi er unnið að þróun hugbúnaðar til þess að styðja við starfsemina. Er það helsta rannsóknar og þróunarstarfsemin sem á sér stað hjá samrunaaðilum.

### **8.11 Samstarfssamningar**

Innan samstæðu Festi eru í gildi samningar til þess að formbinda viðskipti innan samstæðunnar. Þar er þó ekki um samninga sem hafa áhrif á samkeppni eða það sem gerist á markaðnum almennt. Einnig veitir Festi Byko tiltekna þjónustu (fyrst og fremst vöruhúsaþjónustu) ásamt því sem í gildi er leigusamningur við tíu ellefu um tiltekið verslunarhúsnæði. Fylgja samningarnir með samrunaskrá þessari.

Í gildi er samningur á milli Bakkans og Byko sem felur í sér að Bakkinn annast móttöku, hýsingu og dreifingu smávöru fyrir Byko.

Fasteignafélög í eigu Festi leigja 10-11 húsnæði þar sem rekin er verslun á vegum síðarnefnda félagsins. Er samningurinn á hefðbundnum kjörum.

Svo sem Samkeppniseftirlitinu er kunnugt er í EAK í eigu þriggja olíufélaga. Hafa þau gert með sér hluthafasamkomulag um rekstur félagsins. Hið sama á við um EBK sem er í eigu þriggja olíufélaga auk Icelandair.

Að öðru leyti er vísað til fyrri umfjöllunar í skrá þessari um samstarfssamninga sem og fylgiskjala við samrunaskrána.

#### **8.12 Samstarfssamningar vegna rannsókna og þróunar**

Samrunaaðilum er ekki kunnugt um aðra samstarfssamninga sem kynnu að eiga hér við.

#### **8.13 Atvinnugreinasamtök**

Festi er aðili að Viðskiptaráði Íslands, Samtökum verslunar og þjónustu og þar með Samtökum atvinnulífsins.

N1 er aðili að Viðskiptaráði Íslands, Samtökum verslunar og þjónustu og þar með Samtökum atvinnulífsins.

### **Kafli 9 – Áhrif á neytendur**

Samruni þessi er líklegur til þess að hafa jákvæð áhrif á neytendur á öllum þeim mörkuðum þar sem aðilar starfa. Leiða má að því líkum að sameinað félag muni geta náð fram betri nýtingu á ýmis konar stoðþjónustu og lækkað fjármagnskostnað sinn. Geta félögin einnig samnýtt að einhverju leyti dreifileiðir félaganna.

Þá skapast ýmist tækifæri fyrir smásöluverslun Krónunnar og eldsneytissölu N1 til samstarfs m.a. um staðsetningar. Er mögulegt að samstarfið geti leitt til þess að N1 geti hagrætt í útibúaneti sínu og náð þar með niður föstum kostnaði félagsins sem er að verulegu leyti miðlægur.

Mikill miðlægur kostnaður á hverja selda einingu er líklega helsta ástæða þess að vöruverð á Íslandi er almennt hærra en í nágrannalöndunum. Leiða má að því sterkum líkum að forsendur yrðu til þess að sá kostnaður myndi lækka við samruna Festi og N1. Myndi það aftur skapa forsendur til verðlækkana á markaðnum.

Á dagvörumarkaði starfa Hagar sem að mati Samkeppniseftirlitsins hafa um árabil borið höfuð og herðar yfir keppinauta sína. Mat Samkeppniseftirlitið markaðshlutdeild Haga rúmlega 50% í nýjustu ákvörðun stofnunarinnar nr. 28/2017 og var álitid að félagið væri með tvöfalt hærri markaðshlutdeild en næsti keppinautur þess. Eðli málsins samkvæmt getur markaðsráðandi staða Haga skapað viðskiptahindrun fyrir keppinauta félagsins og hugsanlega nýja keppinauta á markaðnum. Er þessi staða Haga sennilega helsta samkeppnishindrunin á mörkuðum málsins.

Má leiða að því líkum að slagkraftur sameinaðs félags N1 og Festi yrði meiri en ella auk þess sem kostnaðarlækkanir sem samrunaaðilar áætla að geti falist í samrunanum geta skapað forsendur til verðlækkana. Má því leiða að því líkum að samruni Festi og N1 myndi hafa í för

með sér aukna samkeppni á markaðnum fyrir sölu á dagvörum í dagvöruverslunum og þannig hafa í för með sér jákvæð áhrif fyrir samkeppni og neytendur. Þá skapast jafnframt forsendur fyrir hagkvæmari rekstri í eldsneytissölu sem ætti að leiða til lægri verða.

Loks er rétt að nefna að verslanir Krónunnar eru í dag fyrst og fremst á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurlandi. Í kjölfar samrunans skapast tækifæri fyrir Krónuna að opna verslanir á nýjum stöðum með því að hagnýta lóðir sem N1 ræður yfir. Getur það orðið til þess að auka mjög samkeppni í minni byggðarlögum þar sem lítill samkeppni gætir í dag.

### **Yfirlýsing**

Undirritaður lögmaður, f.h. samrunaaðila, lýsir því yfir að upplýsingar, sem veittar eru í tilkynningu þessari, eru sannar, réttar og fullnægjandi samkvæmt bestu vitund, að óstytt afrit af skjölum, sem krafist er í skránni, fylgja með, að allt mat er tilgreint sem slíkt og sett fram samkvæmt bestu vitund og vitneskju um staðreyndir málsins og þar sem álit er látið í ljós er það gert í góðri trú. Undirritaður hefur kynnt sér ákvæði 41 gr. b. samkeppnislaga.

Ef frekari upplýsinga og/eða gagna er þörf þá mun undirritaður hafa milligöngu um að útvega þau.

Reykjavík, 31. október 2017

Virðingarfyllst,  
f.h. samrunaaðila

---

Snorri Stefánsson hdl.

---

Einar Baldvin Árnason hdl.